158. löggjafarþing 2026–2027.
Þingskjal 319 — 286. mál.
Stjórnartillaga.

Tillaga til þingsályktunar

um stefnu og aðgerðaáætlun gegn fátækt barna til ársins 2031.

Frá mennta- og barnamálaráðherra.

Alþingi ályktar að unnið verði samkvæmt eftirfarandi stefnu og aðgerðaáætlun til ársins 2031.

STEFNA

I. Framtíðarsýn.

Framtíðarsýn stefnunnar er að Ísland verði samfélag þar sem hvert barn fær tækifæri til að njóta sín, þroskast og dafna, óháð efnahag og félagslegri stöðu fjölskyldu sinnar. Áhersla verði lögð á að sporna gegn fátækt barna og draga úr þeim hindrunum sem efnahagslegur ójöfnuður getur skapað.

II. Stoðir.

Stefnan hvíli á fjórum stoðum:

1. Fjárhagslegum stuðningi og virkni.

Lögð verði áhersla á að opinber stuðningur nýtist barnafjölskyldum sem best og ungmenni fái stuðning til náms og atvinnuþátttöku.

2. Jöfnum tækifærum til þátttöku.

Lögð verði áhersla á að jafna tækifæri barna, óháð efnahag fjölskyldu, til þátttöku í skólastarfi og skipulögðu frístundastarfi.

3. Heildstæðri og samþættri þjónustu.

Lögð verði áhersla á að efla heildstæða og samþætta þjónustu við tekjulágar barnafjölskyldur og tryggja að hún nái sérstaklega til þeirra hópa barna sem eru í mestri hættu á að búa við fátækt.

4. Skýrum mælingum og gagnreyndri stefnumótun.

Lögð verði áhersla á að meta árangur reglulega og bæta aðgerðir gegn fátækt barna á grundvelli rannsókna og mælinga.

III. Innleiðing og eftirfylgni.

Stýrihópur Stjórnarráðsins um málefni barna, skipaður fulltrúum viðeigandi ráðuneyta undir formennsku mennta- og barnamálaráðuneytisins, verði formlegur samráðsvettvangur um framkvæmd stefnu þessarar. Hópurinn fylgi reglulega eftir framvindu stefnunnar og aðgerða tengdra henni, stuðli að samhæfingu aðgerða milli ráðuneyta og leggi eftir atvikum

til úrbætur og fylgist með hvort markmiðum hafi verið náð. Hópurinn vinni skýrslu um mat á árangri og nýtingu fjármuna tveimur árum eftir samþykkt tillögunnar og við lok tímabils hennar.

Unnið verði í samræmi við eftirfarandi aðgerðaáætlun til að tryggja framgang framangreindrar framtíðarsýnar og stefnu gegn fátækt barna.

AÐGERÐAÁÆTLUN

Fyrsta stoð: Fjárhagslegur stuðningur og virkni.

1. Heildstæð greining á opinberum fjárhagslegum stuðningi við barnafjölskyldur.

Fram fari heildstæð greining á opinberum fjárhagslegum stuðningi við barnafjölskyldur. Greiningin taki m.a. til barnabóta, greiðslna almannatrygginga, fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga og annarra opinberra greiðslna til barnafjölskyldna. Greint verði hvernig mismunandi fjárhagslegur stuðningur nýtist barnafjölskyldum eftir fjölskyldugerð og félagslegum aðstæðum sem og hvaða áhrif samspil mismunandi stuðnings hafi á heildarstuðning við barnafjölskyldur.

Markmið: Að draga upp heildstæða mynd af opinberum fjárhagslegum stuðningi við barnafjölskyldur og meta hvernig mismunandi fjárhagslegur stuðningur nýtist barnafjölskyldum eftir fjölskyldugerð og félagslegum aðstæðum sem og hvaða áhrif samspil mismunandi stuðnings hafi á heildarstuðning við barnafjölskyldur. Niðurstöðurnar verði nýttar sem grundvöllur að mati á því hvort og að hvaða marki þörf sé á breytingum á núverandi fjárhagslegum stuðningi við barnafjölskyldur.

Aðgerðinni verði skipt upp í tvo hluta:

A. Úttekt á barnabótakerfinu.

B. Heildstæða greiningu á opinberum fjárhagslegum stuðningi við barnafjölskyldur.

Ábyrgð: Fjármála- og efnahagsráðuneyti á A-hluta.

Ábyrgð: Félags- og húsnæðismálaráðuneyti á B-hluta.

Dæmi um samstarfsaðila: Mennta- og barnamálaráðuneyti, Skatturinn, Samband íslenskra sveitarfélaga, Hagstofa Íslands, frjáls félagasamtök, háskólasamfélagið, Tryggingastofnun ríkisins og Vinnumálastofnun.

Tímabil:

A-hluti 2026–2027.

B-hluti 2027–2028.

Mælikvarðar: Úttekt á barnabótakerfinu hafi farið fram og mat á því hvort og að hvaða marki þörf sé á breytingum á núverandi kerfi liggi fyrir. Jafnframt liggi fyrir heildstæð greining á opinberum fjárhagslegum stuðningi við barnafjölskyldur og hvernig stuðningurinn nýtist barnafjölskyldum eftir fjölskyldugerð og félagslegum aðstæðum sem og hvaða áhrif samspil mismunandi stuðnings hafi á heildarstuðning við barnafjölskyldur. Þá liggi fyrir mat á því hvort og að hvaða marki þörf sé á breytingum á núverandi fjárhagslegum stuðningi við barnafjölskyldur.

2. Stuðningur við ungmenni til náms og þátttöku á vinnumarkaði.

Helstu náms-, atvinnu- og virkniúrræði sem nýtast ungmennum og ungum foreldrum frá tekjulágum heimilum verði kortlögð og lagðar fram tillögur um hvernig megi efla þau úrræði sem hafa reynst vel. Við kortlagningu og tillögugerð verði sérstaklega litið til virkni og þátttöku ungmenna í viðkvæmri stöðu.

Markmið: Að auka þátttöku ungmenna í námi og á vinnumarkaði og bæta forsendur þeirra til tekjuöryggis til framtíðar.

Ábyrgð: Mennta- og barnamálaráðuneyti.

Dæmi um samstarfsaðila: Félags- og húsnæðismálaráðuneyti, heilbrigðisráðuneyti, Samband íslenskra sveitarfélaga, félagasamtök og aðilar vinnumarkaðarins.

Tímabil: 2027–2028.

Mælikvarði: Kortlagning á helstu náms-, atvinnu- og virkniúrræðum fyrir ungmenni og unga foreldra frá tekjulágum heimilum liggi fyrir og tillögur um eflingu árangursríkra úrræða hafi verið lagðar fram.

3. Stuðningur til framhaldsskólanáms.

Unnið verði markvisst að leiðum til að styðja ungmenni á fræðsluskyldualdri, frá tekjulágum heimilum, við að mæta kostnaði við framhaldsskólanám.

Markmið: Að jafna tækifæri ungmenna frá tekjulágum heimilum til framhaldsskólanáms á við önnur ungmenni.

Ábyrgð: Mennta- og barnamálaráðuneyti.

Dæmi um samstarfsaðila: Fulltrúar skólastjórnenda í framhaldsskólum og Samband íslenskra framhaldsskólanema.

Tímabil: 2027–2031.

Mælikvarði: Tillögur að aðgerðum ásamt kostnaðarmati liggi fyrir.

4. Jafnt aðgengi barna að grunnþjónustu óháð efnahag fjölskyldu.

Kortlagður verði kostnaður sem kunni að hamla aðgengi barna frá tekjulágum heimilum að grunnþjónustu og metnar mögulegar leiðir til að draga úr fjárhagslegum hindrunum.

Markmið: Að afla upplýsinga um hvaða fjárhagslegu hindranir standi í vegi fyrir því að börn frá tekjulágum heimilum njóti grunnþjónustu og kanna mögulegar leiðir til úrbóta.

Ábyrgð: Mennta- og barnamálaráðuneyti.

Dæmi um samstarfsaðila: Félags- og húsnæðismálaráðuneyti, heilbrigðisráðuneyti, Samband íslenskra sveitarfélaga, Miðstöð menntunar og skólaþjónustu og félagasamtök.

Tímabil: 2027–2029.

Mælikvarði: Kortlagning fjárhagslegra hindrana sem hamla aðgengi barna frá tekjulágum heimilum að grunnþjónustu liggi fyrir ásamt mati á mögulegum leiðum til að draga úr þeim.

5. Jafnt aðgengi og þátttaka barna óháð búsetu.

Kortlagður verði kostnaður og aðrar hindranir sem börn og barnafjölskyldur í dreifbýli og fámennum byggðarlögum kunna að standa frammi fyrir við að sækja grunn- og sérfræðiþjónustu, framhaldsskólanám, skipulagt frístundastarf og skólatengda viðburði. Á grundvelli niðurstaðna verði undirbúnar tillögur til úrbóta ef þær gefa tilefni til þess.

Markmið: Að afla upplýsinga um hvernig búseta hefur áhrif á kostnað, aðgengi að þjónustu, námsmöguleika og þátttöku barna frá tekjulágum heimilum, meta þörf og grundvöll fyrir úrbætur.

Ábyrgð: Mennta- og barnamálaráðuneyti.

Dæmi um samstarfsaðila: Félags- og húsnæðismálaráðuneyti, heilbrigðisráðuneyti, innviðaráðuneyti, Samband íslenskra sveitarfélaga, landshlutasamtök sveitarfélaga, Hagstofa Íslands, umboðsmaður barna og félagasamtök.

Tímabil: 2027–2029.

Mælikvarði: Kortlagning á búsetutengdum kostnaði og öðrum hindrunum sem hafa áhrif á aðgengi barna frá tekjulágum heimilum að þjónustu, námi og þátttöku liggi fyrir. Tillögur að úrbótum liggi fyrir ef niðurstöður kortlagningar gefa tilefni til þess.

Önnur stoð: Jöfn tækifæri til þátttöku.

6. Jafnt aðgengi barna að skipulögðu frístundastarfi óháð efnahag fjölskyldu.

Unnið verði að útfærslu aukins stuðnings við börn frá tekjulágum heimilum til þátttöku í skipulögðu frístundastarfi, í samstarfi við sveitarfélög og hlutaðeigandi aðila.

Markmið: Að draga úr fjárhagslegum og félagslegum hindrunum sem standa í vegi fyrir þátttöku barna í skipulögðu frístundastarfi, sérstaklega barna frá tekjulágum heimilum.

Ábyrgð: Mennta- og barnamálaráðuneyti.

Dæmi um samstarfsaðila: Fulltrúar frístundastarfs, svo sem ÍSÍ, UMFÍ, Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum, sem og fulltrúar annars æskulýðs- og listastarfs, Samband íslenskra sveitarfélaga og umboðsmaður barna.

Tímabil: 2026–2031.

Mælikvarði: Hlutfall barna frá tekjulágum heimilum sem tekur þátt í skipulögðu frístundastarfi.

7. Samfélagslegur sáttmáli um að draga úr kostnaði við frístundastarf barna.

Ríkið, sveitarfélög og aðilar skipulagðs frístundastarfs vinni sameiginlega að aðgerðum sem miði að því að draga úr kostnaði vegna þátttöku barna í skipulögðu frístundastarfi. Horft verði sérstaklega til alls kostnaðar sem felst í þátttöku barna, svo sem vegna búnaðar, ferðalaga og mótagjalda.

Markmið: Að tryggja að kostnaður standi ekki í vegi fyrir þátttöku barna frá tekjulágum heimilum í skipulögðu frístundastarfi.

Ábyrgð: Mennta- og barnamálaráðuneyti.

Dæmi um samstarfsaðila: Fulltrúar frístundastarfs, svo sem ÍSÍ, UMFÍ, Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum, sem og fulltrúar annars æskulýðs- og listastarfs, Samband íslenskra sveitarfélaga og umboðsmaður barna.

Tímabil: 2027–2028.

Mælikvarði: Samfélagslegur sáttmáli ríkis, sveitarfélaga og aðila skipulagðs frístundastarfs um að halda kostnaði vegna frístundastarfs barna í lágmarki hafi verið samþykktur og innleiddur.

8. Nýsköpun og fjölbreyttar leiðir til að auka þátttöku barna.

Komið verði á fót sérstökum hvata- og nýsköpunarsjóði sem styðji við nýsköpun og fjölbreytt úrræði til að auka þátttöku barna frá tekjulágum heimilum í skipulögðu frístundastarfi. Byggt verði á reynslu af starfsemi hvatasjóðs íþróttahreyfingarinnar.

Markmið: Að auka þátttöku barna frá tekjulágum heimilum í skipulögðu frístundastarfi með því að styðja við þróun og innleiðingu nýrra og fjölbreyttra leiða sem dragi úr fjárhagslegum og félagslegum hindrunum sem standa í vegi fyrir þátttöku þeirra.

Ábyrgð: Mennta- og barnamálaráðuneyti.

Dæmi um samstarfsaðila: Fulltrúar frístundastarfs, svo sem ÍSÍ, UMFÍ, Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum, sem og fulltrúar annars æskulýðs- og listastarfs, Samband íslenskra sveitarfélaga og umboðsmaður barna.

Tímabil: 2027–2031.

Mælikvarði: Sjóðurinn hafi verið stofnaður.

9. Þátttaka í skólatengdum viðburðum.

Mótaðar verði tillögur um hvernig draga megi úr kostnaði vegna viðburða á vegum grunnskóla og tryggja þátttöku nemenda, óháð efnahag, í nánu samstarfi við hagaðila.

Markmið: Að stuðla að jöfnum tækifærum nemenda til þátttöku í skólatengdu starfi á vegum grunnskóla, óháð efnahag fjölskyldna.

Ábyrgð: Mennta- og barnamálaráðuneyti.

Dæmi um samstarfsaðila: Heimili og skóli, foreldrafélög, Samband íslenskra sveitarfélaga, Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, Kennarasamband Íslands, Skólastjórafélag Íslands, Grunnur – félag forstöðumanna skólaskrifstofa, umboðsmaður barna, UMFÍ, KFUM og KFUK, skátahreyfingin.

Tímabil: 2027–2028.

Mælikvarði: Tillögur og samræmdar leiðbeiningar liggi fyrir og hafi verið kynntar viðeigandi hagaðilum.

Þriðja stoð: Heildstæð og samþætt þjónusta.

10. Ráðgjöf um réttindi og stuðning.

Aðgengi barnafjölskyldna í framfærsluvanda að ráðgjöf um réttindi og stuðning verði eflt.

Markmið: Að tryggja að barnafjölskyldur í framfærsluvanda hafi greiðan aðgang að upplýsingum, ráðgjöf og stuðningi um réttindi og úrræði.

Ábyrgð: Félags- og húsnæðismálaráðuneyti.

Dæmi um samstarfsaðila: Umboðsmaður skuldara, Tryggingastofnun ríkisins, Samband íslenskra sveitarfélaga, félagasamtök og mennta- og barnamálaráðuneyti.

Tímabil: 2027–2031.

Mælikvarði: Verklag fyrir ráðgjöf og upplýsingamiðlun fyrir barnafjölskyldur í framfærsluvanda hafi verið skilgreint og innleitt.

11. Samráðshópur foreldra og forsjáraðila með reynslu af fátækt.

Settur verði á fót samráðshópur foreldra og forsjáraðila með reynslu af fátækt. Hlutverk hópsins verði að koma á framfæri ábendingum og sjónarmiðum til stjórnvalda um stuðning við tekjulágar barnafjölskyldur. Samráðshópurinn hafi reglulegt samráð við hlutaðeigandi ráðuneyti.

Markmið: Að efla formlegt og virkt samráð við foreldra og forsjáraðila með reynslu af fátækt.

Ábyrgð: Mennta- og barnamálaráðuneyti.

Dæmi um samstarfsaðila: Félags- og húsnæðismálaráðuneyti og félagasamtök.

Tímabil: 2027–2031.

Mælikvarði: Samráðshópur hafi verið settur á fót og reglulegt samráð hafið við hlutaðeigandi ráðuneyti.

Fjórða stoð: Skýrar mælingar og gagnreynd stefnumótun.

12. Opinber skilgreining á fátækt barna á Íslandi.

Mótuð verði opinber skilgreining á fátækt barna á Íslandi.

Markmið: Að skapa sameiginlegt og skýrt viðmið um fátækt barna á Íslandi sem nýtist við greiningu, stefnumótun og eftirfylgni.

Ábyrgð: Mennta-og barnamálaráðuneyti.

Dæmi um samstarfsaðila: Félags- og húsnæðismálaráðuneyti, Hagstofa Íslands, háskólasamfélagið, félagasamtök og samráðshópur foreldra og forsjáraðila með reynslu af fátækt.

Tímabil: 2027.

Mælikvarði: Opinber skilgreining á fátækt barna hafi verið mótuð, samþykkt og birt opinberlega.

13. Mælanleg markmið um að draga úr fátækt meðal barna.

Sett verði fram mælanleg markmið um að draga úr fátækt meðal barna. Við mótun markmiðanna verði m.a. litið til tekna, framfærslukostnaðar og þátttöku barna í samfélaginu. Jafnframt verði framfærsluviðmið og mat á kostnaði vegna barna kortlögð og komið á reglulegri eftirfylgni með þróun og árangri aðgerða.

Markmið: Að tryggja að mælanleg markmið um að draga úr fátækt meðal barna liggi fyrir eigi síðar en árið 2027.

Ábyrgð: Mennta- og barnamálaráðuneyti.

Dæmi um samstarfsaðila: Stýrihópur Stjórnarráðsins í málefnum barna, Samband íslenskra sveitarfélaga, Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, Hagstofa Íslands og háskólasamfélagið.

Tímabil: 2027.

Mælikvarði: Mælanleg markmið um að draga úr fátækt meðal barna hafi verið sett fram og birt, kostnaður og framfærsluviðmið vegna barna hafi verið kortlögð og fyrirkomulag reglulegrar eftirfylgni liggi fyrir, m.a. með skýrslugjöf til Alþingis.

14. Gagnreyndar aðgerðir til að takast á við fátækt barna.

Tryggð verði reglubundin og kerfisbundin öflun þekkingar á því hvaða aðgerðir skila árangri við að draga úr fátækt barna og rjúfa vítahring fátæktar. Þekkingaröflunin byggist á íslenskum gögnum og rannsóknum, reglubundnu mati á árangri aðgerða og samstarfi við önnur norræn ríki um miðlun gagnreyndra aðferða.

Markmið: Að tryggja að íslensk stjórnvöld búi hverju sinni yfir nýjustu og bestu þekkingu á gagnreyndum leiðum til að draga úr fátækt barna.

Ábyrgð: Mennta- og barnamálaráðuneyti.

Dæmi um samstarfsaðila: Norræna velferðarmiðstöðin, Samband íslenskra sveitarfélaga, Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, háskólasamfélagið og aðilar vinnumarkaðarins.

Tímabil: 2027–2031.

Mælikvarði: Komið hafi verið á reglubundnu fyrirkomulagi við öflun, mat og miðlun þekkingar um gagnreyndar aðgerðir gegn fátækt barna.

Greinargerð.

1. Inngangur.

Tillaga til þingsályktunar um stefnu og aðgerðir gegn fátækt barna felur í sér fyrstu heildstæðu stefnu og aðgerðaáætlun á þessu sviði. Meðal áherslumála ríkisstjórnarinnar er að uppræta fátækt og í stefnuyfirlýsingu hennar kemur fram að gripið verði til aðgerða í því skyni. Þá hyggst ríkisstjórnin beita sér fyrir jöfnu aðgengi allra barna að íþróttum, listum og frístundastarfi. Afleiðingar fátæktar í æsku geta verið langvarandi og því er barátta gegn fátækt barna meðal mikilvægustu viðfangsefna stjórnvalda hvers ríkis. Samkvæmt skýrslu forsætisráðuneytisins, *Fátækt barna og staða barnafjölskyldna,* frá 2026 búa 12,6% barna á heimilum undir lágtekjumörkum, þ.e. um 10.500 börn. Undir lágtekjumörkum teljast heimili þar sem ráðstöfunartekjur, að teknu tilliti til stærðar og samsetningar heimilis, eru lægri en 60% af miðgildi ráðstöfunartekna. Varanleg fátækt (þau sem eru undir lágtekjumörkum á viðkomandi ári og tveimur af þremur árum þar á undan) barna mældist 5,1% árið 2024, en hafði verið 6,3% árið 2003. Dýpt fátæktar hefur jafnframt minnkað, úr 10,8% árið 2000 í 5,3%

árið 2024. Þróunin er í rétta átt og með enn markvissari aðgerðum er raunhæft að stefna að því að uppræta fátækt barna á Íslandi.

Birtingarmynd fátæktar barna felst ekki eingöngu í lágum tekjum heimilis heldur einnig í takmörkuðu aðgengi að tækifærum og félagslegri þátttöku. Niðurstöður *Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar* 2025 sýna að börn sem meta fjárhagsstöðu heimilis síns lakari en önnur börn eru líklegri til að meta eigin heilsu verri, eiga erfiðara með félagslega þátttöku og greina oftar frá einelti.

Alþjóðlegar og íslenskar rannsóknir sýna að börn sem alast upp við fátækt eru líklegri til að glíma síðar á ævinni við laka heilsu, veika stöðu á vinnumarkaði og lágar tekjur. Skýrslan *Fátækt barna og staða barnafjölskyldna* sýnir að einstaklingar sem bjuggu á heimilum undir lágtekjumörkum við 15 ára aldur voru einnig líklegri til að vera undir lágtekjumörkum við 35 ára aldur. Þessi hópur var jafnframt ólíklegri til að hafa lokið háskólanámi við 35 ára aldur og til að vera í efsta tekjufimmtungi. Aðgerðir gegn fátækt barna eru því bæði mikilvægt réttlætis- og velferðarmál og fjárfesting til framtíðar sem getur dregið úr samfélagslegum kostnaði til lengri tíma.

Áhætta á fátækt dreifist ekki jafnt milli barna heldur tengist hún að verulegu leyti aðstæðum þeirra og fjölskyldna þeirra. Börn af erlendum uppruna eru meðal þeirra hópa sem standa hvað verst að vígi. Lágtekjuhlutfallið er 33,6% meðal barna sem voru fædd erlendis og áttu foreldra af erlendum uppruna og 18,7% meðal barna sem voru fædd á Íslandi og áttu foreldra af erlendum uppruna. Til samanburðar er hlutfallið 9,4% meðal barna fæddra á Íslandi með tvo íslenska foreldra. Lágtekjuhlutfallið er jafnframt hæst meðal barna þar sem foreldrar hafa dvalið tvö ár eða skemur á Íslandi, eða um 35%, en lækkar í 10–13% hjá fjölskyldum sem hafa dvalið lengur en tíu ár á landinu sem bendir til þess að efnahagsleg staða þeirra styrkist með lengri búsetu í landinu.

Börn einstæðra foreldra eru einnig í sérstaklega viðkvæmri stöðu. Um 30% barna einstæðra foreldra búa við fátækt, samanborið við um 8% barna sem búa á heimilum með tveimur fyrirvinnum. Varanleg fátækt er jafnframt 12–13% hjá börnum einstæðra foreldra en 2–3% hjá börnum á heimilum með tveimur fyrirvinnum.

Menntunarstaða foreldra er sömuleiðis skýr áhættuþáttur þegar kemur að fátækt barna. Alls búa 31,7% barna þar sem foreldri hefur ekki lokið stúdentsprófi við fátækt, á móti 17,1% ef foreldri hefur lokið stúdentsprófi og 4,2% ef foreldri hefur lokið háskólanámi á framhaldsstigi. Meðal barna foreldra án stúdentsprófs jókst varanleg fátækt úr 10,9% árið 2003 í 13,9% árið 2023 og lágtekjubilið er jafnframt mest í þessum hópi, 14,1%.

Fötluð börn geta verið í aukinni hættu á að búa við fátækt, einkum þegar lágar tekjur fjölskyldu fara saman við aukinn kostnað, þörf fyrir stoðþjónustu og aukið álag á foreldra og forsjáraðila. Slíkar aðstæður geta m.a. dregið úr möguleikum foreldra til atvinnuþátttöku og þar með tekjuöflunar.

Börn á heimilum þar sem foreldri fær skattskyldar greiðslur frá Tryggingastofnun eru sömuleiðis í viðkvæmri stöðu. Örorka foreldra er meðal þeirra þátta sem sterkust tengsl hafa við fátækt barna en hún tengist 16–17 prósentustiga auknum líkum á fátækt að teknu tilliti til annarra þátta.

Búseta og húsnæðisaðstæður hafa einnig áhrif á lífskjör barna. Gjaldtaka og stuðningur sveitarfélaga er mismunandi, t.d. hvað varðar leikskólagjöld, frístundastyrki og sértækan húsnæðisstuðning. Munur á lágtekjuhlutfalli milli landshluta hefur minnkað frá aldamótum. Árið 2024 var hlutfall barna undir lágtekjumörkum á bilinu 11–16% eftir landshlutum. Á höfuðborgarsvæðinu er munur eftir skólahverfum. Hlutföll lágtekjufólks eru hæst í skólahverfum Austurbæjarskóla og Vesturbæjarskóla. Í skólahverfum Fellaskóla,

Hólabrekkuskóla og Breiðholtsskóla eru hins vegar há hlutföll barna með lögheimili hjá einstæðu foreldri, einstaklinga sem hafa fengið skattskyldar greiðslur frá Tryggingastofnun og innflytjenda, sbr. *Félagslegt landslag í Reykjavík. Dreifing tekna, eigna og aðskilin búseta* (Kolbeinn H. Stefánsson, 2024).

Áhættan eykst einnig með fjölskyldustærð. Hjá fjölskyldum með eitt til þrjú börn er hlutfall barna undir lágtekjumörkum 11–13% en hækkar í 22% hjá fjölskyldum með fjögur börn og um 44% hjá fjölskyldum með fimm börn. Aldur barna skiptir jafnframt máli: 14,5% barna á aldrinum 0–5 ára búa á heimilum undir lágtekjumörkum, samanborið við 11,7% eldri barna. Staðan er sérstaklega viðkvæm hjá ungum foreldrum, en 56,3% barna á heimilum þar sem eldra foreldrið er 18–24 ára búa við fátækt. Rétt er þó að hafa í huga að hluti þessa hóps er í námi og kann því að búa við tímabundna fátækt.

Þótt hættan á fátækt sé meiri í tilteknum hópum er fátækt barna ekki bundin við fáa, afmarkaða hópa heldur er hún samfélagslegt viðfangsefni sem getur snert börn og fjölskyldur við fjölbreyttar aðstæður. Margar fjölskyldur þar sem foreldrar eru í sambúð eða hjúskap finna einnig fyrir efnahagslegum þrengingum og eiga erfitt með að standa undir nauðsynlegum útgjöldum þrátt fyrir atvinnuþátttöku beggja foreldra.

Opinber stuðningskerfi draga úr fátækt barna. Barnabætur lækka lágtekjuhlutfall barnafjölskyldna um rúm 23% og barnabætur ásamt húsnæðisbótum um rúm 26%. Þær draga einnig úr dýpt fátæktar. Áhrifin eru mest meðal fjölskyldna þar sem foreldri fær skattskyldar greiðslur frá Tryggingastofnun. Hjá þeim hópi lækka barnabætur einar og sér lágtekjuhlutfall barna um 43,3%. Þegar húsnæðisbætur eru einnig teknar með nemur lækkunin 49,7%. Saman draga þessar stuðningsgreiðslur því úr fátækt barna í hópnum um nærri helming.

Ávinningur af aðgerðum gegn fátækt barna felst ekki aðeins í bættum lífskjörum þeirra sem njóta þeirra heldur getur hann einnig verið verulegur fyrir samfélagið í heild. Áætlað er að heildarkostnaður fátæktar fyrir íslenskt samfélag nemi á bilinu 1–2,8% af vergri landsframleiðslu, sem samsvarar 35–103 milljörðum kr. árlega. Fjárfesting í bættum lífskjörum barna er því meðal þeirra aðgerða sem líklegastar eru til að skila samfélagslegum ávinningi til lengri tíma. Sé eingöngu litið til viðbótarkostnaðar vegna þess að fátækt viðhelst milli kynslóða má áætla að um 580 fullorðnir séu á hverjum tíma undir lágtekjumörkum vegna fátæktar í æsku. Beinn samfélagslegur ábati af því að rjúfa þennan vítahring er metinn á um 1,5 milljarða kr. á ári, sbr. *Fátækt barna og staða barnafjölskyldna* frá 2026.

Undanfarin ár hafa stjórnvöld unnið að breytingum sem miða að því að tryggja markvissa innleiðingu á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (hér eftir barnasáttmálinn), sem lögfestur var á Alþingi 20. febrúar 2013 með lögum nr. 19/2013. Ábyrgð á innleiðingu barnasáttmálans hvílir á stjórnvöldum og felur sú ábyrgð m.a. í sér að vinna að því að Ísland verði barnvænt samfélag þar sem réttindi barna eru virt í framkvæmd og þeim gefið tækifæri til að njóta þeirra á eigin forsendum.

Þingsályktunartillaga þessi hefur að geyma heildstæða stefnu íslenskra stjórnvalda um að draga úr fátækt barna og styður beint við barnasáttmálann. Aðgerðir sem draga úr ójöfnuði og styðja að öll börn fái sömu tækifæri óháð efnahag fjölskyldu þeirra eru í samræmi við 2. gr. barnasáttmálans en þar kemur fram sú grundvallarregla að öll börn séu jöfn og skuli tryggja hverju barni þau réttindi sem það eigi tilkall til án mismununar af nokkru tagi. Þegar stjórnvöld tryggja barnafjölskyldum nægjanlegar tekjur og stuðning og tryggja börnum húsnæði, menntun, heilbrigðisþjónustu og næringu er verið að vernda rétt barna til lífs og þroska skv. 6. gr. þar sem grunnþarfir og öruggt umhverfi eru forsenda heilbrigðs vaxtar. Aðgerðir gegn fátækt barna hafa einnig beina tengingu við 27. gr. barnasáttmálans þar sem viðurkennt er að öll börn skuli búa við lífskjör sem nægi til þroska þeirra. Með því að draga úr skorti, ójöfnuði

og félagslegri útilokun og styðja við barnafjölskyldur er stuðlað að því að þessi réttur verði að veruleika. Jafnframt samræmast slíkar aðgerðir 26. gr. barnasáttmálans þar sem lögð er áhersla á rétt barna til að njóta félagslegs öryggis og viðeigandi aðstoðar, svo og 31. gr. sáttmálans um rétt barna til hvíldar, leiks og þátttöku í menningar- og tómstundalífi. Fátækt getur hamlað verulega því að börn njóti þessara réttinda í reynd. Aðgerðir af þessu tagi geta því stuðlað að því að réttindin verði að veruleika í lífi barna frá tekjulágum heimilum.

Tillagan fellur jafnframt að heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, einkum heimsmarkmiði nr. 1 um að uppræta fátækt í allri sinni mynd. Þar vegur þyngst undirmarkmið 1.2, um að fækka þeim sem búa við fátækt, sem og undirmarkmið 1.3 um að innleidd verði viðeigandi félagsleg verndarkerfi, þar á meðal lágmarksframfærsluviðmið sem veita fólki í fátækt og viðkvæmri stöðu stuðning. Jafnframt tengist ályktunin undirmarkmiði 1.4 um jafnan aðgang að efnahagslegum úrræðum og grunnþjónustu. Stefna og aðgerðir gegn fátækt barna styðja einnig við heimsmarkmið nr. 3 um heilsu og vellíðan, nr. 4 um menntun fyrir alla, nr. 8 um góða atvinnu og hagvöxt og nr. 10 um aukinn jöfnuð.

Alþjóðlegar rannsóknir benda til þess að árangur í baráttunni gegn fátækt barna náist helst með því að styrkja fjárhag barnafjölskyldna samhliða því að tryggja aðgang að mikilvægri grunnþjónustu. Beinar greiðslur, barnabætur, húsnæðisstuðningur og skattaívilnanir geta aukið ráðstöfunartekjur heimila, einkum þegar úrræðin eru regluleg og beinast að fjölskyldum sem búa við fátækt. Barnabætur eru meðal áhrifamestu úrræða stjórnvalda til að vinna gegn fátækt barna og efla félagslegan jöfnuð. Til lengri tíma skiptir einnig miklu að börn hafi aðgang að heilbrigðisþjónustu, menntun, góðri næringu, leikskóla og annarri umönnun, enda léttir slík grunnþjónusta útgjöldum af heimilum. Varanlegur árangur næst því helst með samhæfingu tekjustuðnings, húsnæðis- og velferðarúrræða, aðgangi að grunnþjónustu og traustri atvinnuþátttöku foreldra.

Á þessum grunni byggist sú heildstæða nálgun sem lögð er til í þingsályktunartillögu þessari. Hún felur í sér tillögur um að fjárhagsleg úrræði og aðgerðir á sviði frístunda, menntunar- og velferðarmála stuðli saman að því markmiði að öll börn hafi raunveruleg tækifæri til þroska og þátttöku í samfélaginu. Sérstaklega er hugað að þeim hópum sem gögn sýna að standi verr að vígi, m.a. börnum af erlendum uppruna, börnum einstæðra foreldra og börnum á heimilum þar sem foreldri býr við örorku. Með því er ætlunin að draga úr hættu á að fátækt viðhaldist milli kynslóða og stuðla að réttlátara og sterkara samfélagi.

2. Stoðir stefnu.

2.1. Fyrsta stoð.

2.1.1. Fjárhagslegur stuðningur og virkni.

Fyrsta stoð stefnunnar, og aðgerðir sem tilheyra henni, miðar að því að styrkja fjárhagslegt öryggi tekjulágra barnafjölskyldna og styðja ungmenni til náms, virkni og þátttöku á vinnumarkaði. Með því að beita árangursríkum leiðum til að draga úr fátækt barna, svo sem jöfnu aðgengi að grunnþjónustu, markvissum fjárhagsstuðningi og öflugum úrræðum til náms og atvinnuþátttöku, má styrkja stöðu tekjulágra barnafjölskyldna verulega og draga úr hættu á langvarandi fátækt.

2.1.2. Opinberar greiðslur og fjárhagslegur stuðningur.

Fjárhagslegur stuðningur við barnafjölskyldur berst viðtakendum í gegnum ólík kerfi. Þar má einkum nefna barnabætur, greiðslur almannatrygginga, fjárhagsaðstoð og annan fjárhagslegan stuðning félagsþjónustu sveitarfélaga sem og aðrar opinberar greiðslur sem hafa

áhrif á ráðstöfunartekjur barnafjölskyldna. Nauðsynlegt þykir að greina heildstætt fjárhagslegan stuðning við barnafjölskyldur í því skyni að fá skýra mynd af því hvernig stuðningurinn nýtist hlutaðeigandi fjölskyldum í reynd.

Húsnæðisöryggi er einnig mikilvæg forsenda þess að draga úr fátækt barna. Sértækur húsnæðisstuðningur sveitarfélaga er mikilvægt viðbótarúrræði við fjárhagsaðstoð til einstaklinga og fjölskyldna. Hann er þó mismunandi eftir sveitarfélögum. Samkvæmt könnun Vörðu – rannsóknastofnunar meðal félagsfólks í aðildarfélögum ASÍ og BSRB er mjög hátt hlutfall einstæðra foreldra og foreldra með innflytjendabakgrunn á leigumarkaði (42% og 52%). Börn sem búa í leiguhúsnæði og við fátækt glíma oft við mikla óvissu, flytja ítrekað á milli staða og ná ekki þeirri festu sem er forsenda öryggis, tengsla og eðlilegrar þátttöku í skólalífi og samfélaginu almennt. Þótt tekið sé tillit til fjölskyldustærðar og félagslegra aðstæðna í einstökum þáttum húsnæðiskerfisins er ástæða til að styrkja vægi hagsmuna barna og barnafjölskyldna í forgangsröðun þess. Húsnæðismál eru ekki tekin sérstaklega fyrir í þessari aðgerðaáætlun gegn fátækt barna, enda er þegar umfangsmikil vinna í gangi hjá félags- og húsnæðismálaráðuneytinu til að bregðast við húsnæðisvanda. Það er mikilvægt að staða barnafjölskyldna í óöruggu húsnæði sé höfð til hliðsjónar í þeirri vinnu þar sem aukinn og markvissari húsnæðisstuðningur fyrir tekjulágar barnafjölskyldur er mikilvæg leið til að draga úr fátækt og ójöfnuði á Íslandi.

Dagvistun er lykilþáttur í baráttunni gegn fátækt barna. Skortur á úrræðum að loknu fæðingarorlofi getur leitt til tekjutaps foreldra, einkum mæðra, og aukins kostnaðar vegna annarrar dagvistunar. Í skýrslu Vörðu – rannsóknastofnunar vinnumarkaðsins frá maí 2026, *Barnafjölskyldur á Íslandi*, kemur fram að 12% foreldra geti vegna fjárskorts ekki greitt leikskólagjöld eða þann vistunartíma sem þörf er á. Hlutfallið er 21% meðal einstæðra foreldra og 20% meðal foreldra af erlendum uppruna. Þótt ekki sé sérstök aðgerð í aðgerðaáætluninni sem snýr að leikskólum eða daggæslu tengjast aðrar aðgerðir dagvistun barna. Mikilvægur þáttur í aðgerð 1, sem snýr að heildstæðri greiningu á opinberum fjárhagslegum stuðningi við barnafjölskyldur, er að meta áhrif leikskólagjalda á fjárhag fjölskyldna. Þá snýr aðgerð 4 að því að kortleggja kostnað sem kann að hamla aðgengi barna frá tekjulágum heimilum að grunnþjónustu og meta mögulegar leiðir til að draga úr fjárhagslegum hindrunum.

2.1.3. Stuðningur til náms og þátttöku á vinnumarkaði.

Samkvæmt alþjóðlegum rannsóknum er virk atvinnuþátttaka foreldra grundvallaratriði til að vernda börn gegn fátækt og sá þáttur sem hefur hvað mest áhrif á það hvort börn búi við fátækt eða ekki. Til að draga úr langtímaáhrifum fátæktar og styrkja tekjuöryggi til framtíðar er mikilvægt að stuðla að aukinni menntun ungmenna og ungra foreldra og þátttöku í atvinnulífi. Tengsl við nám og atvinnulíf mótast snemma á lífsleiðinni og geta haft veruleg áhrif á framtíðartækifæri og félagslega þátttöku einstaklinga.

Framhaldsskólanám er lykilþáttur í framtíðarmöguleikum ungs fólks, bæði hvað varðar áframhaldandi nám og atvinnuþátttöku. Börn og ungmenni frá tekjulágum heimilum geta hins vegar staðið frammi fyrir fjárhagslegum hindrunum sem gera þeim erfiðara fyrir að stunda nám á sama hátt og jafnaldrar þeirra.

2.1.4. Jafnt aðgengi að grunnþjónustu.

Jafnt aðgengi barna að grunnþjónustu er meðal áhrifaríkustu úrræða til að draga úr fátækt og efla jöfnuð. Skv. 76. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, eiga þeir sem þess þurfa rétt á aðstoð vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örbirgðar og sambærilegra atvika, auk þess sem öllum skal tryggður í lögum réttur til almennrar menntunar og fræðslu

við sitt hæfi. Í 24., 26., 27. og 28. gr. barnasáttmálans er m.a. kveðið á um rétt barna til heilbrigðisþjónustu, félagslegrar aðstoðar og almannatrygginga, viðunandi lífsskilyrða og menntunar. Af þessum reglum leiðir að stjórnvöldum ber að stuðla að því að börn njóti þeirrar grunnþjónustu og þess stuðnings sem nauðsynlegur er fyrir velferð þeirra og þroska. Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sem hefur lagagildi hér á landi, áréttar jafnframt rétt fatlaðra barna til að njóta mannréttinda til jafns við önnur börn, þar á meðal á sviði menntunar, heilbrigðisþjónustu og annarrar grunnþjónustu, sbr. lög nr. 80/2025.

2.1.5. Aðgerðir fyrstu stoðar.

Undir fyrstu stoð falla fimm aðgerðir. Þær beinast að því að efla stuðning við tekjulágar barnafjölskyldur og ungmenni og að greina heildstætt fjárhagslegan stuðning við barnafjölskyldur. Jafnframt er lögð áhersla á markvissari stuðning fyrir ungmenni og unga foreldra, ásamt því að kortleggja kostnað sem kann að hamla aðgengi barna úr tekjulágum fjölskyldum að grunnþjónustu og kanna leiðir til að draga úr slíkum hindrunum.

2.2. Önnur stoð.

2.2.1. Jöfn tækifæri til þátttöku.

Önnur stoð stefnunnar er m.a. byggð á 31. gr. barnasáttmálans en samkvæmt greininni eiga börn rétt á hvíld, leik, tómstundum og þátttöku í menningar- og listalífi. Aðildarríkjum ber jafnframt að stuðla að því að börn hafi viðeigandi og jöfn tækifæri til þátttöku í menningarlífi, listum og tómstundaiðju.

Íþróttir, tónlistarnám og annað skipulagt tómstunda- og frístundastarf er mikilvægur vettvangur fyrir þátttöku í samfélaginu, tengslamyndun og mótun lífs- og framtíðarsýnar barna og ungmenna. Þátttaka í slíku starfi styrkir félagsfærni, sjálfstraust og seiglu, dregur úr hættu á einangrun og eflir verndandi þætti í lífi barna. Jafnt aðgengi að skóla- og frístundastarfi er því mikilvægur þáttur í því að bæta líðan barna og jafna tækifæri þeirra.

2.2.2. Efnahagur heimila hefur áhrif á þátttöku og líðan barna.

Við undirbúning tillögunnar var haft samráð við foreldra sem búa við efnahagsþrengingar. Ítrekað kom fram að kostnaður vegna skipulagðs frístundastarfs væri íþyngjandi fyrir fjölskyldurnar. Þá sýna ýmis gögn að þátttökugjöld og annar kostnaður hindra börn frá tekjulágum heimilum í því að taka þátt. Niðurstöður *Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar 2025* sýna skýran mun á þátttöku og líðan eftir því hvernig börn og ungmenni meta fjárhagsstöðu fjölskyldu sinnar. Af þeim börnum sem telja fjárhagsstöðuna slæma meta 55% heilsu sína góða og 65% stunda íþróttir eða aðrar tómstundir. Hlutföllin eru 89% og 80% meðal þeirra barna sem meta fjárhagsstöðuna góða. Þá segjast 67% þeirra sem meta stöðuna slæma vera þreytt alla skóladaga, samanborið við 36% þeirra sem meta hana góða. Nánast enginn munur er hins vegar á þátttöku hópanna í starfi félagsmiðstöðva, sem eru gjaldfrjálsar.

Samkvæmt fyrrnefndri könnun Vörðu – rannsóknastofnunar meðal félagsfólks aðildarfélaga ASÍ og BSRB hefur fjórðungur einstæðra foreldra og innflytjenda með börn á framfæri ekki efni á að greiða fyrir skólafrístund. Þegar spurt var um sumarnámskeið og skipulagðar frístundir, svo sem íþróttir og tónlistarnám, var hlutfallið 40% meðal einhleypra foreldra og 36–38% meðal innflytjenda með börn.

Þessar niðurstöður benda til þess að gjaldfrjálst skóla- og frístundastarf, eða þegar þátttökugjöld eru lækkuð eða felld niður, geti stuðlað að jafnari þátttöku barna. Þær sýna jafnframt mikilvægi þess að huga ekki aðeins að framboði úrræða heldur einnig að því hvort

fjölskyldur hafi fjárhagslegt svigrúm til að nýta þau. Aðgerðum annarrar stoðar er ætlað að stuðla að framangreindu markmiði.

2.2.3. Vaxandi og margþættur kostnaður.

Á undanförnum árum hefur þátttaka barna og ungmenna í skipulögðu frístundastarfi orðið kostnaðarsamari fyrir fjölskyldur og leitt til aukins fjárhagslegs álags vegna margvíslegs aukakostnaðar. Almenn verðlagsþróun skýrir hluta hækkunar þátttökugjalda, en í mörgum greinum hafa gjöld hækkað verulega umfram vísitölu neysluverðs, í sumum tilvikum um meira en 100%. Þessa þróun þarf að skoða í ljósi hærri launakostnaðar, vaxtastigs, almenns rekstrarkostnaðar íþróttafélaga og aukinna krafna til þjálfara og menntunar þeirra. Þróunin bendir engu að síður til aukinnar fjárhagslegrar byrði á barnafjölskyldur. Greina þarf hana kerfisbundið og meta hvort stuðningskerfi og frístundastyrkir haldi í við raunverulegar kostnaðarhækkanir.

Fyrirkomulag íþróttamóta hefur jafnframt breyst. Börn og ungmenni ferðast í auknum mæli á milli landshluta og jafnvel til útlanda til að taka þátt í keppnum og mótum. Við það bætist kostnaður vegna gistingar, fæðis og þátttökugjalda. Slíkur kostnaður getur reynst sérstaklega mikill fyrir börn og ungmenni í afreksíþróttum og tónlistarnámi á afreksstigi, enda fylgja þátttöku þeirra oft tíð ferðalög og aukin útgjöld. Kröfur um búnað og fatnað hafa einnig aukist. Í sumum greinum er gert ráð fyrir sérmerktum æfinga- og keppnisfatnaði, töskum og öðrum vörum. Slíkar kröfur auka kostnað og skapa félagslegan þrýsting á börn og foreldra.

2.2.4. Mismunandi frístundastarf í boði.

Mikil gróska er í skipulögðu frístundastarfi á Íslandi og kostnaðurinn og aðgengi er mismunandi. Helstu dæmi eru:

Tónlistarnám: Rúmlega 80 tónlistarskólar eru starfræktir á Íslandi af sveitarfélögum, sjálfseignarstofnunum eða einkaaðilum með opinberum stuðningi. Skólagjöld eru mishá milli sveitarfélaga, sem og milli skóla innan sama sveitarfélags. Við þau bætist kostnaður vegna hljóðfæra, viðhalds og námsgagna. Könnun Reykjavíkurborgar frá 2018, þar sem 86% foreldra barna í tónlistarskólum voru með háskólapróf, bendir til félagslegrar slagsíðu í aðgengi að tónlistarnámi. Tónmennt í grunnskólum gegnir mikilvægu hlutverki við að stuðla að jöfnum tækifærum og er fyrir mörg börn fyrstu skipulögðu kynni þeirra af tónlist og tónlistariðkun. Kennsla í tónmennt er þó mismunandi eftir skólum, m.a. vegna skorts á tónmenntakennurum. Skólahljómsveitir geta jafnað aðgengi með lágum gjöldum og samfellu við grunnskóla, en framboð er takmarkað og biðlistar langir. Kórastarf fyrir börn er gjarnan rekið með litlum tilkostnaði eða jafnvel án gjaldtöku.

Listir og skapandi starfsgreinar: Öflugt starf fer fram á sviði lista og skapandi starfsgreina um land allt. Fjölbreytt nýsköpun á vegum sveitarfélaga, m.a. á vettvangi bókasafna, miðar jafnframt að því að ná til breiðari hóps barna á sviði lista. Slíkt starf veitir börnum og ungmennum tækifæri til skapandi tjáningar, eflir sjálfstraust og stuðlar að félagslegum tengslum. Kostnaður tengdur myndlistar- og dansnámi getur þó verið verulegur og þar með takmarkað aðgengi barna frá tekjulágum heimilum.

Skátastarf: Skátahreyfingin er vettvangur fyrir börn og ungmenni þar sem þau eru hvött til þátttöku, að axla ábyrgð og gefur þeim tækifæri til að þroskast. Hreyfingin leggur áherslu á að bakgrunnur eða aðstæður hindri ekki þátttöku. Sjálfboðaliðastarf í hreyfingunni heldur kostnaði niðri og hefur hún þróað leiðir til að ná til barna sem standa höllum fæti, fjölskyldna á svæðum þar sem þátttaka hefur verið lítil og barna af erlendum uppruna. Sú reynsla getur nýst öðrum frístundaaðilum sem vilja draga úr þátttökuhindrunum.

Frístundaheimili og félagsmiðstöðvar: Frístundaheimili og félagsmiðstöðvar sveitarfélaga eru mikilvægur vettvangur félags- og frístundastarfs barna og ungmenna. Starfið hefur forvarnar-, uppeldis- og menntunargildi og stuðlar að félagsfærni, sjálfstæði og virkri þátttöku barna og ungmenna. Félagsmiðstöðvar eru gjaldfrjálsar og gjöld frístundaheimila og sumarstarfs eru oft lægri en í öðru skipulögðu frístundastarfi. Aðgengi er þó mismunandi milli sveitarfélaga og kostnaður við frístundaheimili getur verið veruleg hindrun fyrir tekjulágar fjölskyldur. Þegar skóladegi lýkur standa sumir foreldrar frammi fyrir vali milli gjaldskyldrar vistunar og þess að börn séu eftirlitslaus heima. Þá bjóða ekki öll sveitarfélög upp á sumarfrístund og oft eru biðlistar í þeim sveitarfélögum sem veita slíka þjónustu, sem getur takmarkað aðgengi barna að skipulögðu frístundastarfi yfir sumartímann.

Íþróttir: Það eru tæplega 500 íþróttafélög, auk annarra aðila, um land allt sem bjóða börnum og ungmennum upp á fjölbreyttar íþróttagreinar. Æfingagjöld eru mismunandi eftir sveitarfélögum, félögum og íþróttagreinum. Frístundastyrkir sveitarfélaga létta undir með fjölskyldum vegna æfingagjalda, þar sem þeir eru í boði. Við æfingagjöld bætist oft kostnaður vegna búnaðar, búninga, móta og ferðalaga. Á landsbyggðinni geta æfingagjöld verið lægri, m.a. vegna stuðnings sveitarfélaga og einkaaðila, en ferðakostnaður oft meiri. Verkefni á borð við svæðisfulltrúa íþróttahéraða og *Allir með* styðja við þátttöku barna sem standa höllum fæti.

Annað tómstundastarf: Fjölbreytt barna- og unglingastarf fer fram um land allt, m.a. á vegum trú- og lífsskoðunarfélaga, Rauða krossins og Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Þá er víða boðið upp á skipulegt starf sem tekur mið af fjölbreyttum áhugamálum barna og ungmenna. Þátttökugjöld eru oft hófleg í þessu tómstundastarfi.

2.2.5. Aðgerðir annarrar stoðar.

Fjórar aðgerðir tilheyra annarri stoð sem miða að því að draga úr fjárhagslegum og félagslegum hindrunum fyrir þátttöku barna í skóla-, íþrótta- og frístundastarfi. Sérstök áhersla er lögð á börn sem eru líklegri til að búa við fátækt, þar á meðal börn af erlendum uppruna, börn einstæðra foreldra og börn á heimilum þar sem foreldri er öryrki. Markmiðið er að tryggja öllum börnum raunhæf og jöfn tækifæri til þátttöku.

2.3. Þriðja stoð.

2.3.1. Heildstæð og samþætt þjónusta.

Í samráði við hagaðila kom ítrekað fram að stuðningskerfi geta verið flókin og erfitt að fá yfirsýn yfir réttindi, þjónustu og úrræði. Upplýsingar geta verið dreifðar milli stofnana og þjónustuaðila og ekki nægilega aðgengilegar. Það getur leitt til þess að sumar fjölskyldur í framfærsluvanda verða af nauðsynlegum stuðningi. Þetta á ekki síst við um fjölskyldur á leigumarkaði sem búa við háan húsnæðiskostnað en eru engu að síður yfir tekjumörkum fyrir fjárhagsstuðning.

Árangursrík stefnumótun gegn fátækt byggist ekki einungis á tölfræðilegum gögnum heldur einnig á reynslu þeirra sem búa við fátækt. Evrópusamtök gegn fátækt og félagslegri einangrun (e. European Anti-Poverty Network, EAPN) hafa um árabil lagt áherslu á virka þátttöku fólks með reynslu af fátækt í stefnumótun aðgerða, framkvæmd þeirra og eftirfylgni. Slík þátttaka stuðlar að því að stjórnvöld skilji betur hvernig kerfi og þjónusta virka í raun og hvar úrræði ná ekki til þeirra sem mest þurfa á þeim að halda.

2.3.2. Aðgerðir þriðju stoðar.

Tvær aðgerðir falla undir þriðju stoð sem miða að því að bæta aðgengi barnafjölskyldna að ráðgjöf um réttindi, auka fjárhagslegan og félagslegan stuðning og þá ráðgjöf sem þeim

stendur til boða. Jafnframt verður reynsla fjölskyldna sem búa við fátækt nýtt við mótun og endurmat þjónustu. Þannig má betur greina hvaða stuðningur skilar árangri í daglegu lífi og hvaða úrræði ná ekki til þeirra sem þurfa helst á þeim að halda. Slík nálgun stuðlar að betri samhæfingu þjónustu, auknu samstarfi þeirra sem veita hana og markvissari stuðningi við fjölskyldur.

2.4. Fjórða stoð.

2.4.1. Skýrar mælingar og gagnreynd stefnumótun.

Árangursríkar aðgerðir gegn fátækt barna krefjast skýrra viðmiða, mælanlegra markmiða og reglulegs mats á árangri. Mikilvægt er að móta opinbera skilgreiningu á fátækt barna á Íslandi, setja fram skýr markmið um að draga úr henni og tryggja að aðgerðir byggist á gagnreyndri þekkingu, áreiðanlegum gögnum og alþjóðlegum rannsóknum og samstarfi.

Fátækt barna getur birst á ólíkan hátt og ein mæling gefur ekki endilega fullnægjandi mynd af stöðu þeirra. Við matið þarf því að byggja á fjölbreyttum og áreiðanlegum gögnum sem varpa m.a. ljósi á tekjur og efnislegan skort sem barnafjölskyldur upplifa, húsnæðisstöðu og möguleika barna til þátttöku í skóla- og frístundastarfi. Eftir því sem kostur er þurfa gögnin einnig að varpa ljósi á ólíka stöðu hópa barna og breytingar yfir tíma.

2.4.2. Aðgerðir fjórðu stoðar.

Þrjár aðgerðir falla undir fjórðu stoð. Þær miða að því að gögn, rannsóknir og samráð liggi til grundvallar ákvarðanatöku og að stefnumótun og forgangsröðun stjórnvalda verði í þágu barna sem búa við fátækt. Reglubundið mat á árangri aðgerða er forsenda þess að unnt sé að bregðast við breyttum aðstæðum, bæta úrræði og tryggja að stefnan skili raunverulegum árangri fyrir börn og fjölskyldur þeirra.

Niðurstöður matsins eiga að nýtast til að bregðast við breyttum aðstæðum, bæta úrræði og beina fjármunum og stuðningi þangað sem þörfin er mest. Með reglulegri eftirfylgni og endurmati má auka líkur á að aðgerðirnar nái markmiðum sínum og hafi raunveruleg áhrif á lífskjör og tækifæri barna.

3. Samráð.

Stefna og aðgerðir sem hér eru lagðar fram voru mótaðar í víðtæku samráðsferli á tímabilinu nóvember 2025 til september 2026. Á tímabilinu voru haldnir rúmlega 30 samráðs-, kynningar- og vinnufundir með fjölmörgum hagaðilum, þar á meðal opinberum aðilum, sveitarfélögum, barnafjölskyldum með reynslu af fátækt, fræðasamfélaginu, félagasamtökum, hagsmunasamtökum, íþrótta- og æskulýðshreyfingum og fulltrúum þjónustukerfa. Samráðið nýttist við greiningu, mótun tillagna og mat á framkvæmd þeirra. Samráð var haft við eftirfarandi aðila:

EAPN á Íslandi – Samtök gegn fátækt og félagslegri einangrun
Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum
Fjármála- og efnahagsráðuneyti
Félags- og húsnæðismálaráðuneyti
Hagstofu Íslands
Háskóla Íslands
Heilbrigðisráðuneyti
Heimili og skóla
Hjálparkokka
Hjálparstarf kirkjunnar

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands (ÍSÍ)
Mæðrastyrksnefnd
Reykjavíkurborg (skóla- og frístundasvið og velferðarsvið)
Reykjanesbæ (fræðslusvið og velferðarsvið)
Samband íslenskra sveitarfélaga
Samráðshóp vegna barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn
Skátahreyfinguna
Skólastjórafélag Íslands
Skólastjóra skólahljómsveita
Stattu með sjálfri þér (Hjálparstarf kirkjunnar)
Stýrihóp Stjórnarráðsins í málefnum barna
Svæðisfulltrúa íþróttahéraða
Umboðsmann barna
Ungmennafélag Íslands (UMFÍ)
Verkefnastjóra farsældarráða
Velferðarvaktina
ÖBÍ réttindasamtök
Þroskahjálp

Í því víðtæka samráði sem átti sér stað við hagsmunaaðila hafa nokkur meginþemu komið skýrt og endurtekið fram:

Tekjur og afkoma barnafjölskyldna: Það þrengir fjárhagslega að mörgum barnafjölskyldum. Í því samhengi er mikilvægi barnabóta, barnalífeyris og húsnæðisbóta mikið, enda geta slíkar greiðslur haft afgerandi áhrif á daglega afkomu heimila og möguleika barna til þátttöku.

Þátttaka barna í skólastarfi, íþróttum og tómstundum: Verulegar fjárhagslegar hindranir standa í vegi fyrir fullri þátttöku barna í skólastarfi, íþróttum og tómstundum. Þetta á bæði við um bein gjöld og ýmiss konar aukakostnað, svo sem búnað, ferðir, viðburði og annað sem fylgir þátttöku. Skólasamfélagið og skipulagt frístundastarf voru oft nefnd sem mikilvægur vettvangur þar sem hægt væri að draga úr áhrifum ólíkrar fjárhagsstöðu fjölskyldna.

Flókið kerfi og skortur á málsvara: Tekjulágar barnafjölskyldur virðast oft ekki eiga sér skýran málsvara innan kerfisins. Kerfið er flókið, úrræði dreifð og upplýsingagjöf oft ábótavant. Þetta getur leitt til þess að fjölskyldur nýta ekki réttindi sín eða fá ekki þann stuðning sem þær eiga mögulega rétt á.

Virkni, tengsl og þátttaka í samfélaginu: Mikilvægt er að bæði ungmenni og foreldrar séu í virkni, hvort sem er á vinnumarkaði, í námi eða annarri uppbyggilegri þátttöku. Þar skiptir ekki aðeins fjárhagsleg afkoma máli heldur einnig upplifun fólks af því að tilheyra, hafa hlutverk og vera virkur hluti af samfélaginu.

Húsnæðiskostnaður og ráðstöfunartekjur: Húsnæðiskostnaður vegur þungt í útgjöldum barnafjölskyldna. Oft fer stór hluti ráðstöfunartekna í húsnæði sem dregur úr svigrúmi til annarra nauðsynlegra útgjalda og getur aukið hættu á félagslegri og fjárhagslegri jaðarsetningu.

Á heildina litið benda þessar niðurstöður samráðs til þess að áskoranir tekjulágra barnafjölskyldna snúist ekki aðeins um lágar tekjur, heldur einnig um aðgengi að réttindum, bætta upplýsingagjöf, þátttöku barna í samfélaginu og getu fjölskyldna til að standa undir grunnútgjöldum vegna barna.

Hinn 20. mars 2026 var haldin vinnustofa um stefnu og aðgerðir gegn fátækt barna þar sem hagaðilar og sérfræðingar unnu í hópum að greiningu á helstu áskorunum og mótun tillagna

til úrbóta. Umræðurnar beindust helst að barnabótum, þátttöku barna í skipulögðu frístundastarfi, aðgengi að þjónustu, ásamt virkni og þátttöku ungmenna í samfélaginu, auk almennra tillagna um aukinn jöfnuð.

Í umræðum um barnabætur kom fram að mikilvægt væri að skilgreina betur tilgang barnabótakerfisins og skoða hvort auknar tilfærslur til tekjulægri hópa gætu styrkt stöðu barna sem búa við efnahagslegar þrengingar. Leggja þyrfti áherslu á einfaldara kerfi sem tæki mið af þörfum barnsins og byggði á frekari greiningum á reikniforsendum og útfærslu núverandi kerfis.

Mikil samstaða var um að kostnaður væri ein helsta hindrun fyrir þátttöku barna í íþróttum og tómstundum. Tillögur vinnustofunnar fjölluðu m.a. um tekjutengda frístundastyrki, gjaldfrjáls frístundaheimili eða lægri gjöld fyrir tekjulágar fjölskyldur, og samfélagslegan sáttmála milli ríkis, sveitarfélaga og fulltrúa skipulagðs frístundastarfs um að tryggja öllum börnum jafnt aðgengi að starfinu. Einnig var rætt um einföldun á kostnaðarsamri umgjörð vegna þátttöku barna í skipulögðu frístundastarfi.

Í umræðum um þjónustu við fjölskyldur var lögð áhersla á samræmingu og einföldun þjónustu, m.a. með fyrirmyndum á borð við „One Stop Shop“ í Skotlandi og „NAV“ í Noregi. Þá var lögð áhersla á að þjónustuveitendur hefðu frumkvæði að því að veita fjölskyldum stuðning og að samstarf stofnana yrði eflt þannig að fjölskyldur fengju viðeigandi aðstoð án þess að þurfa sjálfar að leita til margra aðila.

Í umræðum um virkni og þátttöku ungmenna í samfélaginu var bent á mikilvægi snemmtæks stuðnings við börn og fjölskyldur, sterkari tengsla við þriðja geirann og fjölbreyttari náms- og atvinnuúrræða fyrir ungt fólk. Einnig var lögð áhersla á stuðning við foreldra, íslenskukennslu og úrræði sem efla virkni og þátttöku.

Að lokum komu fram tillögur um aukinn jöfnuð í menntun og frístundum, aukinni þjónustu innan skóla og betri nýtingu skólahúsnæðis. Sameiginleg niðurstaða vinnustofunnar var að markviss samvinna stjórnvalda, sveitarfélaga, þjónustuaðila og samfélagsins alls sé lykill að því að draga úr fátækt barna og tryggja jöfn tækifæri allra barna.

Þrátt fyrir tilraunir til samráðs tókst ekki að tryggja þátttöku ungmenna sem búa við fátækt, enda er um viðkvæman hóp að ræða. Aðgerðirnar byggja þó á samráði við mæður sem hafa reynslu af fátækt, auk annars samráðs við ungmenni almennt, þar á meðal niðurstöðum barnaþings 2025 sem sýna að börn leggja ríka áherslu á jafnt aðgengi að tómstundum óháð efnahag, bætt aðgengi að heilbrigðis- og geðheilbrigðisþjónustu með styttri bið og auknar almenningssamgöngur sem auðvelda börnum þátttöku í skólastarfi og skipulögðu frístundastarfi. Við framkvæmd og endurmat aðgerðanna verður leitað leiða til að tryggja beina, örugga og aldursmiðaða þátttöku barna og ungmenna með reynslu af fátækt.

Félagasamtök gegna mikilvægu hlutverki í stuðningi við börn og barnafjölskyldur sem búa við fátækt eða efnahagslegar þrengingar. Þau veita ekki aðeins beina aðstoð heldur hafa einnig mikilvæga yfirsýn yfir hvar opinberir aðilar ná ekki nægilega vel til fjölskyldna, hvaða hópar falla milli kerfa og hvaða úrræði reynast vel í daglegu lífi fólks. Við mótun aðgerðanna var því mikilvægt að hafa samráð við félagasamtök og nýta markvisst þekkingu þeirra og reynslu, með það að leiðarljósi að grunnframfærsla og lögbundin þjónusta er á ábyrgð hins opinbera.

Drög að þingsályktunartillögu þessari voru kynnt í samráðsgátt stjórnvalda 17. september 2026. Frestur til að skila umsögnum var til og með 2. október 2026 (mál nr. S-178/2026). Alls bárust 14 umsagnir frá Alþýðusambandi Íslands (ASÍ), AMSIS, Barnaheillum – Save the children á Íslandi, BSRB, Félagi tónlistarskólakennara, Fjórðungssambandi Vestfjarða, Hjálparstarfi kirkjunnar, Landssamtökunum Þroskahjálp, Sambandi íslenskra sveitarfélaga,

Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, Skagafirði, Ungmennafélagi Íslands (UMFÍ), ÖBÍ réttindasamtökum og ein umsögn frá einstaklingi.

Umsagnaraðilar tóku almennt vel í að mótuð yrði heildstæð stefna stjórnvalda gegn fátækt barna ásamt aðgerðaáætlun til ársins 2031 og lýstu stuðningi við markmið hennar um jöfn tækifæri barna til þjónustu, náms og samfélagslegrar þátttöku. Jafnframt komu fram ábendingar um að greiningar og kortlagning einar og sér nægðu ekki til að bæta afkomu barnafjölskyldna og að útfæra þyrfti aðgerðir, fjármögnun og eftirfylgni nánar.

Jákvætt þótti að framtíðarsýnin byggðist á réttindum barna, félagslegum jöfnuði og því markmiði að efnahagur eða búseta foreldra takmarkaði ekki tækifæri þeirra. Þá var vel tekið í að fátækt barna væri skoðuð í víðu samhengi, m.a. með hliðsjón af aðgengi að grunnþjónustu, menntun, frístundum og samfélagslegri þátttöku. Fjölmargar einstakar áherslur stefnunnar fengu einnig jákvæðar undirtektir, þar á meðal lögðu ASÍ og BSRB áherslu á mikilvægi aðgerðarinnar sem miðar að því að styrkja afkomu barnafjölskyldna með heildarendurskoðun barnabótakerfisins og mikilvægi þess að festa gjaldfrjálsar skólamáltíðir í sessi. Einnig var fagnað áformum um skilgreiningar, mælanleg markmið og aukna gagnanotkun við stefnumótun.

Í umsögnum komu fram ábendingar um mikilvægi fjármögnunar, kostnaðarmats og skýrrar ábyrgðarskiptingar við framkvæmd stefnunnar. Bent var á að gagnlegt væri að skýra nánar verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og meta fjárhagsleg áhrif aðgerða á sveitarfélög. Þá var vakin athygli á mikilvægi samráðs við sveitarfélög, fagfólk og hagsmunaaðila við nánari útfærslu og framkvæmd einstakra verkefna.

Þá var bent á mikilvægi menntakerfisins sem jöfnunartækis. Þar komu m.a. fram sjónarmið um leikskóla og daggæslu, snemmtækan námsstuðning, samfellu milli skólastiga og stuðning við starfsfólk skóla. Einnig var bent á kostnað sem getur fylgt framhaldsskólanámi, svo sem vegna námsgagna, samgangna og húsnæðis þeirra sem sækja nám fjarri heimili, og m.a. lagt til að hafa gjaldfrjálsar almenningssamgöngur fyrir menntaskólanema.

Umsagnirnar endurspegluðu almenna ánægju með áherslu stefnunnar á þátttöku barna í skipulögðu frístundastarfi. Jafnframt var vakin athygli á því að þátttöku geti fylgt annar kostnaður en bein þátttökugjöld, m.a. vegna búnaðar, ferðalaga, skólaferða og skólabúða. Fram komu hugmyndir um samræmdari nálgun, skýrari leiðbeiningar og stuðning við íþrótta- og frístundafélög sem aðstoða fjölskyldur. Sérstaklega var bent á stöðu minni félaga og þeirra sem hafa takmarkað svigrúm til að veita slíkan stuðning. Jafnframt var bent á mikilvægi þess að tryggja jafnt aðgengi að tónlistarnámi, stytta biðlista, halda skólagjöldum viðráðanlegum og tryggja næga fjármögnun tónlistarskóla.

Fram komu ábendingar um húsnæðisöryggi barnafjölskyldna og samspil húsnæðisstuðnings og annarra stuðningskerfa. Einnig komu fram sjónarmið um að taka þyrfti tillit til mismunandi aðstæðna eftir búsetu, m.a. varðandi framboð þjónustu, samgöngur og ferðakostnað. Ábendingarnar vörðuðu sérstaklega fjölskyldur í fámennum og dreifðum byggðum og ungmenni sem þurfa að sækja nám eða þjónustu langt frá heimili.

Umsagnaraðilar vöktu athygli á stöðu tiltekinna hópa barna, þar á meðal barna af erlendum uppruna, fatlaðra barna og barna fatlaðra foreldra. Bent var á að þessir hópar geti staðið frammi fyrir sérstökum kostnaði, tekjutapi, tungumálahindrunum eða mismunandi aðgengi að þjónustu og upplýsingum.

Loks var vakin athygli á stöðu barna sem búa á tveimur heimilum og því hvernig kostnaður og stuðningskerfi endurspegla aðstæður þeirra. Þá var lögð áhersla á að réttindaráðgjöf og upplýsingar um stuðning væru einfaldar, hlutlausar og aðgengilegar.

Við áframhaldandi vinnslu tillögunnar var tekið mið af umsögnunum. Aðgerð 1 var útfærð nánar og aðgerð 5 bætt við um kortlagningu á búsetutengdum kostnaði og öðrum hindrunum sem geta haft áhrif á aðgengi barna í dreifbýli og fámennum byggðarlögum að þjónustu, námi og þátttöku. Við frekari útfærslu aðgerðanna verður m.a. hugað að kostnaðarmati, ábyrgðarskiptingu og samráði við hlutaðeigandi aðila.

4. Mat á áhrifum.

Á tímabilinu 2027–2031 er gert ráð fyrir að mennta- og barnamálaráðuneytið standi að fjármögnun aðgerða í aðgerðaáætlun gegn fátækt barna fyrir alls 719,2 millj. kr. Aðgerðirnar eru m.a. samstarfsverkefni ráðuneyta og stofnana, sveitarfélaga, félagasamtaka, aðila skipulagðs frístundastarfs sem og háskólasamfélagsins. Til lengri tíma er gert ráð fyrir að aðgerðir gegn fátækt barna skili samfélaginu ábata þar sem samfélagslegur kostnaður vegna langtímaáhrifa þess að alast upp við fátækt er umtalsverður.

Við undirbúning þingsályktunartillögunnar var jafnframt unnið mat á áhrifum á börn og þannig tryggt að hagsmunir barna voru metnir sjálfstætt við mótun stefnunnar og að áhrif fyrirhugaðra aðgerða á réttindi, lífsskilyrði og framtíðartækifæri barna lægju skýrt fyrir.

Niðurstaða matsins var sú að stefna þessi og aðgerðir hafi í meginatriðum jákvæð áhrif á börn. Aðgerðirnar beinast að því að draga úr fátækt barna, fjárhagslegum hindrunum og félagslegri útilokun og að tryggja börnum jöfn tækifæri óháð efnahag og félagslegri stöðu fjölskyldna þeirra. Þar ber hæst fjórar meginreglur barnasáttmálans: Bann við mismunun (2. gr.), að það sem barni er fyrir bestu skuli ávallt hafa forgang (3. gr.), rétt barns til lífs og þroska (6. gr.) og rétt þess til að láta skoðanir sínar frjálslega í ljós og að tekið sé réttmætt tillit til þeirra í samræmi við aldur þess og þroska (12. gr.). Þá reynir einnig á rétt barna til heilsuverndar (24. gr.), félagslegrar aðstoðar, þ.m.t. almannatrygginga (26. gr.), viðunandi lífsskilyrða og efnislegrar aðstoðar (27. gr.), menntunar (28. gr.) og hvíldar, tómstunda, leikja og frjálsrar þátttöku í menningar- og listalífi (31. gr.).

Matið leiðir ekki í ljós fyrirhuguð bein neikvæð áhrif á börn. Þó eru tilgreindir ákveðnir áhættuþættir, m.a. mismunandi útfærslur milli sveitarfélaga, t.d. hvað varðar þátttöku barna í skipulögðu frístundastarfi, sem geta leitt til mismunar í aðgengi að úrræðum. Tekjutengdar aðgerðir geta einnig haft í för með sér að ákveðnir hópar barna sem búa á heimilum sem eru rétt yfir tekjumörkum en búa engu að síður við skort njóti ekki stuðnings. Við útfærslu einstakra aðgerða þarf að taka mið af þessum áhættuþáttum, m.a. við gerð heildstæðrar greiningar á greiðslum til barnafjölskyldna, og meta sérstaklega stöðu barna í fjölskyldum sem eru rétt yfir lágtekjumörkum þar sem þær geta fallið utan tekjutengdrar þjónustu og stuðnings þrátt fyrir að búa við þröngan fjárhag.

Sérstök áhersla er lögð á að fylgst verði með áhrifum stefnu þessarar á hópa barna sem kunna að verða fyrir meiri áhrifum en önnur börn. Þar má nefna börn frá tekjulágum heimilum, börn einstæðra foreldra, börn foreldra sem búa við örorku eða skerta starfsgetu, börn af erlendum uppruna, börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn, fötluð börn, börn á leigumarkaði eða í ótryggu húsnæði, börn á landsbyggðinni og ungmenni í framhaldsskóla eða utan náms og starfs. Jafnframt er tekið á sumum þessara viðfangsefna í öðrum framkvæmdaáætlunum; t.d. er að finna aðgerðir sem tengjast íslenskukennslu í framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2026–2029.

Gert er ráð fyrir að eftirfylgni vegna áhrifa á börn verði hluti af framkvæmd aðgerðaáætlunarinnar á tímabilinu 2026–2031. Ábyrgðaraðilar einstakra aðgerða munu fylgjast með mælikvörðum og framvindu, en mennta- og barnamálaráðuneytið heldur utan um heildaryfirlit eftir því sem við á. Sérstaklega verður fylgst með lágtekjuhlutfalli barna, djúpri

og langvarandi fátækt, þátttöku barna í skóla- og skipulögðu frístundastarfi og stöðu viðkvæmra hópa. Endurmat mun fara fram a.m.k. á miðju tímabili og við lok tímabilsins eða fyrr ef gögn eða samráð sýna að aðgerðir nái ekki markmiðum sínum eða að staða tiltekinna hópa barna versni.

5. Aðgerðir í aðgerðaáætlun.

5.1. Heildstæð greining á opinberum fjárhagslegum stuðningi við barnafjölskyldur.

Fjárhagslegur stuðningur við barnafjölskyldur berst viðtakendum í gegnum ólík kerfi. Þar má einkum nefna barnabætur, greiðslur almannatrygginga, fjárhagsaðstoð og annan fjárhagslegan stuðning félagsþjónustu sveitarfélaga sem og aðrar opinberar greiðslur sem hafa áhrif á ráðstöfunartekjur barnafjölskyldna. Fyrirkomulag stuðningsins getur verið mismunandi eftir fjölskyldugerð, búsetu og félagslegum aðstæðum hlutaðeigandi fjölskyldu. Nauðsynlegt er að greina heildstætt fjárhagslegan stuðning til barnafjölskyldna í því skyni að fá skýra mynd af því hvernig stuðningurinn nýtist hlutaðeigandi fjölskyldum í reynd.

Heildstæðri greiningu á fjárhagslegum stuðningi við barnafjölskyldur er ætlað að vera grundvöllur fyrir frekari stefnumótun og niðurstöðurnar eiga að nýtast til að meta hvort núverandi stuðningur sé nægilega markviss sem og hvort stuðningskerfin séu nægilega samhæfð og gagnsæ og hvort þörf sé á breytingum.

Þessi aðgerð er í samræmi við helstu áherslur fjármálaáætlunar 2027–2031 um að þróun barnabóta verði sett í fastari skorður þannig að fjárhæðir þeirra haldi verðgildi sínu.

5.2. Stuðningur við ungmenni til náms og þátttöku á vinnumarkaði.

Meðal ungmenna á aldrinum 18–25 ára eru 14% undir lágtekjumörkum. Samkvæmt Hagstofu Íslands var atvinnuleysi meðal 16–24 ára á Íslandi 9,2% árið 2025, samanborið við 8,5% árið 2024, og var það mun hærra hjá þessum hópi en meðal eldri aldurshópa.

Sérstaklega þarf að huga að svokölluðum NEET-hópi (e. Not in Employment, Education or Training), þ.e. ungmennum sem eru hvorki í námi, starfi né starfsþjálfun. Árið 2025 voru að jafnaði um 4% ungmenna á aldrinum 15–24 ára á Íslandi í þeirri stöðu. Ungmenni í þessari stöðu eru í aukinni hættu á félagslegri einangrun, langvarandi atvinnuleysi og fátækt. Til að draga úr langtímaáhrifum fátæktar og koma í veg fyrir að fátækt festist í sessi milli kynslóða er nauðsynlegt að bregðast tímanlega við og tryggja markvissan stuðning við þennan hóp. Mikilvægt er að stuðningur hefjist áður en vandinn verður langvarandi. Í þessu samhengi gegna sveitarfélög lykilhlutverki við að greina stöðu þessara ungmenna snemma.

Í samráði við hagaðila kom fram að fjármálalæsi frá ungaaldri væri mikilvægur þáttur í að styrkja stöðu barna, ungmenna og fjölskyldna í framfærsluvanda. Fræðsla um fjármál, réttindi, stuðningskerfi, neyslu, sparnað og daglega fjármálastjórn þarf að vera hagnýt, aðgengileg og aldursmiðuð.

Í samráði við hagaðila kom jafnframt fram að fjölmörg góð úrræði eru þegar til staðar á vegum ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka. Því er lagt til að kortleggja helstu náms-, atvinnu- og virkniúrræði fyrir ungmenni og unga foreldra frá tekjulágum heimilum. Þar má nefna úrræði á borð við Virk, Tinnu, Keðjuna, Fjölsmiðjuna, Elju, Stattu með sjálfri þér og Saumó – tau með tilgang hjá Hjálparstarfi kirkjunnar, menntastyrk Mæðrastyrksnefndar, ásamt fjölda annarra úrræða. Slík úrræði geta gegnt lykilhlutverki við að ná til ungmenna sem standa höllum fæti og styðja þau inn í nám, atvinnu og samfélagslega þátttöku. Horft verður sérstaklega til þeirra úrræða sem hafa reynst þeim vel sem eru í aukinni hættu á að búa við fátækt, þar á meðal börnum af erlendum uppruna. Jafnframt þarf að tryggja markvissa upplýsingamiðlun og ná til jaðarsettra hópa sem síður leita sjálfir eftir stuðningi.

5.3. Stuðningur til framhaldsskólanáms.

Í samráði hefur komið fram að ungmenni frá tekjulágum heimilum vinni meira en önnur ungmenni til að standa undir eigin framfærslu og þeim kostnaði sem hlýst af framhaldsskólanámi. Veruleg breyting verður á kostnaðarþátttöku þegar börn færast á milli skólastiga, frá grunnskóla yfir í framhaldsskóla. Má þar nefna skólagjöld, mötuneytiskostnað, námsgögn og fartölvur, samgöngur, gjöld fyrir endurtökupróf og kostnað sem tengist félagslífi nemenda. Slíkur kostnaður getur haft hamlandi áhrif á þátttöku nemenda í skólastarfi, félagslífi og viðburðum tengdum náminu, og þar með aukið líkur á félagslegri einangrun eða brotthvarfi.

Brotthvarf ungmenna úr framhaldsskólum eykst samhliða lægra menntunarstigi foreldra þeirra, sem jafnframt hefur skýra fylgni við tekjur. Gögn frá Hagstofu Íslands sýna að fjórum árum eftir innritun í framhaldsskóla hafa tvö af hverjum fimm ungmennum, hvers foreldrar hafa einungis grunnmenntun, horfið frá námi, samanborið við eitt af hverjum tíu sem eiga háskólamenntaða foreldra.

Samkvæmt 32. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008, eiga ungmenni sem lokið hafa grunnskóla eða náð 16 ára aldri rétt á námi í framhaldsskóla til 18 ára aldurs. Fræðsluskyldan felur í sér að ungmenni hafi aðgang að námi og viðeigandi stuðningi. Við framkvæmd hennar er mikilvægt að huga að stöðu ungmenna frá tekjulágum heimilum. Með því að auðvelda aðgang að námi er stuðlað að jafnari tækifærum og lagður grunnur að frekari menntun og þátttöku á vinnumarkaði.

Meðal þess sem verður rýnt í tengslum við þessa aðgerð er að hægt verði að sækja um, á auðveldan máta, niðurfellingu innritunargjalda fyrir ungmenni undir 18 ára aldri sem koma frá tekjulágum heimilum. Jafnframt er mikilvægt að tryggja öfluga stuðnings- og skólaþjónustu á framhaldsskólastigi svo nemendur fái tímanlega aðstoð vegna námsvanda, félagslegra aðstæðna, andlegrar líðanar eða annarra þátta sem geta haft áhrif á skólagöngu þeirra. Í því samhengi er horft til tillagna þar sem lögð er aukin áhersla á samþættingu þjónustu í framhaldsskólum þannig að horft sé heildstætt á aðstæður barna og ungmenna og úrræði samhæfð í samræmi við þarfir þeirra. Í þingsályktunartillögu um stefnu og framkvæmdaáætlun um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna til ársins 2030 (75. mál á 158. löggjafarþingi) er jafnframt gert ráð fyrir aðgerð til að efla innleiðingu farsældarlaganna í framhaldsskólum.

Félagasamtök gegna einnig mikilvægu hlutverki við að styðja ungmenni til náms, m.a. með fjárhagslegum stuðningi og sjálfstyrkingu.

5.4. Jafnt aðgengi barna að grunnþjónustu óháð efnahag.

Ísland stendur almennt vel þegar kemur að jöfnu aðgengi barna að grunnþjónustu, til að mynda er grunnskólanám gjaldfrjálst og nýlega hafa gjaldfrjálsar skólamáltíðir bæst við, sem eru tryggðar til ársloka 2027. Heilsugæsla barna er gjaldfrjáls og tannlækningar barna eru að mestu gjaldfrjálsar, að undanskildu komugjaldi. Þátttaka ungmenna í félagsmiðstöðvastarfi er að mestu leyti gjaldfrjáls, fyrir utan einstaka ferðir.

Þó eru enn mikilvægir kostnaðarliðir sem geta haft áhrif á jöfnuð og þátttöku barna, einkum frá tekjulágum heimilum. Leikskólar eru ekki gjaldfrjálsir, þótt flest sveitarfélög veiti tekjulágum fjölskyldum afslætti. Þá eru frístundaheimili gjaldskyld og foreldrar þurfa oft að greiða fyrir skólaferðir, skemmtanir og aðra starfsemi tengda grunnskólum. Tannréttingar barna geta falið í sér verulegan kostnað þrátt fyrir aukna þátttöku Sjúkratrygginga Íslands. Gleraugu og linsur fyrir börn eru að hluta niðurgreidd af ríkinu samkvæmt gildandi reglum um greiðsluþátttöku, en foreldrar/forsjáraðilar bera þó töluverðan hluta kostnaðar. Framhaldsskólar eru að mestu gjaldfrjálsir, en innritunargjöld og annar aukakostnaður, til að

mynda námsgögn, fellur á nemandann. Almenningssamgöngur eru ekki gjaldfrjálsar á höfuðborgarsvæðinu fyrir börn 12 ára og eldri en gjaldtaka hefst einmitt á þeim aldri þegar sjálfstæð notkun eykst. Á landsbyggðinni eru samgöngur oft verulegur kostnaðarliður í tengslum við grunn- og stoðþjónustu þar sem fjölskyldur þurfa oft að bera ferðakostnað vegna sérfræðiþjónustu og annarrar nauðsynlegrar þjónustu. Þessi kostnaður getur verið sérstaklega þungur fyrir fjölskyldur fatlaðra barna eða barna með sérþarfir.

Til að stuðla að jöfnu aðgengi barna að grunnþjónustu, óháð efnahag foreldra, er lagt til að kortleggja gjaldtökur og kostnað sem tengist grunn- og stoðþjónustu ríkis og sveitarfélaga. Greina þarf möguleika á því að draga úr fjárhagslegum hindrunum tekjulágra barnafjölskyldna, m.a. með gjaldfrjálsri eða tekjutengdri grunn- og stoðþjónustu, og leggja fram tillögur að útfærslum. Í þeirri vinnu verði tekið mið af þörfum allra barna, þar á meðal barna sem standa frammi fyrir auknum þjónustu- og þátttökuhindrunum, svo sem fatlaðra barna og barna sem þurfa reglubundna stoðþjónustu, sérfræðiþjónustu eða túlkaþjónustu, sem og barna sem þurfa aðgang að samgöngum.

5.5. Jafnt aðgengi og þátttaka barna óháð búsetu.

Búseta í dreifbýli og fámennum byggðarlögum getur haft áhrif á kostnað og aðgengi barna að þjónustu, námi og frístundastarfi. Langar vegalengdir, takmarkaðar almenningssamgöngur og lítið þjónustuframboð í nærumhverfi getur m.a. leitt til útgjalda vegna ferða, gistingar og fylgdar og haft áhrif á tíma foreldra og möguleika barna til að nýta þjónustu og taka þátt í starfi utan heimilis. Slíkar hindranir geta reynst tekjulágum barnafjölskyldum sérstaklega þungar. Í umsögnum um tillöguna var bent á mikilvægi þess að taka mið af þessum búsetutengda mun við útfærslu.

Með aðgerðinni er lagt til að kortleggja kostnað og aðrar hindranir sem börn og barnafjölskyldur í dreifbýli og fámennum byggðarlögum kunna að standa frammi fyrir við að sækja grunn- og sérfræðiþjónustu, framhaldsskólanám, skipulagt frístundastarf og skólatengda viðburði. Sérstaklega verði litið til þess hvort börn frá tekjulágum heimilum standi höllum fæti og metið hvort tilteknir hópar barna, m.a. fatlaðra og langveikra barna og barna sem búa á tveimur heimilum, standi höllum fæti. Á grundvelli niðurstaðna verði metin þörf fyrir úrbætur og undirbúnar tillögur ef niðurstöðurnar gefa tilefni til þess.

5.6. Jafnt aðgengi barna að skipulögðu frístundastarfi óháð efnahag.

Skipulagt frístundastarf á Íslandi er fjölbreytt, en kostnaður og aðgengi er mismunandi eftir starfsemi, sveitarfélögum og aðstæðum fjölskyldna. Þátttökugjöld og kostnaður vegna búnaðar og ferða og annar aukakostnaður hafa áhrif á þátttöku. Opinber stuðningur, sjálfboðaliðastarf og gjaldfrjáls eða ódýr úrræði geta dregið úr hindrunum, en frekari aðgerða er þörf til að tryggja öllum börnum jafnan aðgang. Til að koma til móts við kostnað sem fylgir þátttöku í skipulögðu frístundastarfi veita flest sveitarfélög frístundastyrki. Fjárhæð styrkjanna er mismunandi eftir sveitarfélögum, allt frá engum styrk upp í 100 þús. kr. á ári.

Í aðgerðinni er lagt til að unnið verði að útfærslu aðgerða sem auka stuðning við börn frá tekjulágum heimilum, með það að markmiði að stuðla að því að kostnaður standi ekki í vegi fyrir þátttöku. Einnig verði hugað að aðgengi barna að skipulögðu frístundastarfi yfir sumartímann.

Aðgerðin verði þróuð í samstarfi við sveitarfélög og aðra hlutaðeigandi aðila. Meðal annars verði metnir kostir, fjármögnunarmöguleikar og forsendur þess að auka tekjutengda frístundastyrki eða koma á fót sameiginlegum sjóði ríkis og sveitarfélaga til stuðnings þátttöku barna frá tekjulágum heimilum í skipulögðu frístundastarfi.

Fjárhagslegur stuðningur einn og sér nægir ekki alltaf til að tryggja þátttöku. Ekki þarf síður að virkja upplýsingamiðlun og markvissa eftirfylgni til að ná til barna og fjölskyldna sem annars nýta ekki þau úrræði sem standa til boða. Við útfærslu stuðningsins verði jafnframt að horfa til barna sem mæta hindrunum, þar á meðal fatlaðra barna, barna af erlendum uppruna og barna sem búa utan stærri þjónustukjarna.

5.7. Samfélagslegur sáttmáli um að draga úr aukakostnaði í frístundastarfi barna.

Kostnaður tengdur skipulögðu frístundastarfi leggst þungt á mörg heimili og getur orðið bein hindrun fyrir þátttöku barna, sérstaklega barna frá tekjulágum heimilum. Vandinn einskorðast þó ekki við þau heimili, enda getur aukinn kostnaður vegna þátttökugjalda, móta, ferða og tengdra útgjalda haft veruleg áhrif á fjölskyldur með hærri tekjur. Þegar kostnaður verður of mikill er hætta á að börn dragi sig í hlé, taki síður þátt í mótum eða hætti alfarið í starfi sem annars hefði haft jákvæð áhrif á félagslega þátttöku og lýðheilsu.

Lagt er til í aðgerðinni að ríkið, sveitarfélög og ýmsir aðilar og samtök sem sinna frístundastarfi, þar á meðal á sviði lista og íþrótta, vinni sameiginlega að því að draga úr kostnaði vegna þátttöku barna og stuðla að jöfnu aðgengi. Horft verði til þátttökugjalda og aukakostnaðar sem fylgir þátttöku, svo sem vegna búnaðar, búninga, ferðalaga og mótagjalda. Aðgerðin felur í sér kortlagningu á helstu kostnaðarliðum og mótun sameiginlegra viðmiða um hvernig halda megi kostnaði í skefjum.

Mikilvægt er að samstarfið leiði til samfélagslegs sáttmála milli ríkis, sveitarfélaga og helstu hreyfinga á þessu sviði. Slíkur sáttmáli gæti m.a. falið í sér sameiginlegar leiðbeiningar um hóflegt mótafyrirkomulag, skýrari viðmið um ferðalög barna, aukið vægi móta og viðburða í nærumhverfi, hófstilltar búninga- og búnaðarkröfur, aukna samnýtingu búnaðar, aukna nýtingu á skólahúsnæði og markvissari stuðning við börn sem annars hefðu ekki tök á þátttöku. Í því samhengi mætti horfa til dæma þar sem vel hefur tekist til. Til þess að tryggja að slíkur sáttmáli skili árangri er mikilvægt að til komi sameiginleg skuldbinding ríkis, sveitarfélaga og hreyfinganna, ásamt reglulegri eftirfylgni með þróun kostnaðar og þátttöku.

5.8. Nýsköpun og fjölbreyttar leiðir til að auka þátttöku barna.

Mikilvægt er að efla þátttöku barna frá tekjulágum heimilum í skipulögðu frístundastarfi. Lagt er til í þessari aðgerð að styðja við þróun og innleiðingu nýrra og fjölbreyttra leiða sem draga úr fjárhagslegum og félagslegum hindrunum fyrir þátttöku. Komið verði á fót sjóði sem styðji við nýsköpun og fjölbreytt úrræði í skipulögðu frístundastarfi. Sjóðurinn myndi byggjast á fyrirmynd hvatasjóðs íþróttahreyfingarinnar þannig að hann snúi að þátttöku í íþróttum sem og öðru skipulögðu frístundastarfi. Markmiðið með slíkum sjóði yrði að styðja verkefni sem ná betur til barna frá tekjulágum heimilum og draga úr félagslegum og fjárhagslegum hindrunum fyrir þátttöku þeirra. Sjóðurinn gæti m.a. stutt tilraunaverkefni um lággjaldastarf, hvernig hægt er að útfæra eitt gjald fyrir mismunandi íþróttir og tómstundir, aðgengi að íþrótta- og tómstundabúnaði, mót í nærumhverfi, samstarf félaga og sveitarfélaga, þátttökuleiðir án mikils ferðakostnaðar og önnur úrræði sem auka fjölbreytni og aðgengi.

5.9. Þátttaka í skólatengdum viðburðum.

Grunnskólar gegna lykilhlutverki í að jafna tækifæri barna. Á Íslandi er skólaskylda og lög um grunnskóla, nr. 91/2008, byggjast á þeirri meginreglu að nám í grunnskóla sé gjaldfrjálst, en þó er heimilt, að höfðu samráði við foreldra, að taka gjald fyrir uppihald í námsferðum nemenda. Það eru sterk rök fyrir því að skólaferðir, félagsstarf og aðrir viðburðir á vegum skólans séu aðgengilegir öllum nemendum án greiðsluþröskulda. Góða fyrirmynd er að finna

í evrópsku barnatryggingunni (e. European Child Guarantee), þar sem hugtakið gjaldfrjáls menntun á ekki eingöngu við um ókeypis kennslu í skólastofu, heldur felur í sér að tryggja að börn sem búa við erfiðar aðstæður geti tekið fullan þátt í skólasamfélaginu og vísar til þess að fjarlægja fjárhagslegar hindranir fyrir þátttöku í skólastarfi almennt.

Grunnskólinn á að tryggja öllum börnum jafnan aðgang að menntun og þátttöku í skólasamfélaginu. Í framkvæmd er þó munur milli skóla og sveitarfélaga á því hvaða kostnaður tengdur skólaferðum og fleiru fellur á fjölskyldur. Skólar leggja sig almennt fram við að tryggja þátttöku barna frá tekjulágum heimilum, m.a. með því að fella niður gjöld vegna einstakra ferða. Þá sækja margir skólar í sjóð Hróa Hattar barnavinafélagsins, sem hefur það að markmiði að styðja fjárhagslega við grunnskólabörn sem búa við skort. Slík úrræði geta skipt miklu fyrir einstök börn en tryggja ekki samræmda framkvæmd eða jafnræði milli skóla. Ábyrgðin á þátttöku allra barna ætti ekki að ráðast af staðbundnu frumkvæði. Sumir skólar greiða að fullu fyrir skólaferðir og viðburði en annars staðar þurfa foreldrar að standa undir umtalsverðum kostnaði vegna skólaferða, árshátíða, skólaballa og annarra þátta sem eru eðlilegur og mikilvægur hluti af grunnskólagöngu barna.

Þessi mismunur getur leitt til þess að þátttaka barna í skólasamfélaginu ráðist af greiðslugetu foreldra og skapað félagslega útilokun. Þetta samræmist illa markmiðum grunnskólans um þátttöku allra barna.

Lagt er til í aðgerðinni að mótaðar verði, í nánu samstarfi við helstu hagaðila í skólasamfélaginu, tillögur að skýrri og samræmdri framkvæmd sem tryggir að þátttaka barna í skólatengdu starfi ráðist ekki af efnahag fjölskyldna þeirra. Jafnframt verði stuðlað að aukinni upplýsingagjöf til foreldra og/eða foreldrafélaga. Við mótun og innleiðingu tillagnanna verði haft virkt samráð við foreldra og foreldrafélög og sérstaklega leitast við að ná til foreldra sem síður taka þátt á vettvangi skólasamfélagsins.

5.10. Ráðgjöf um réttindi og stuðning.

Barnafjölskyldur geta átt erfitt með að fá yfirsýn yfir réttindi, stuðning og ráðgjöf sem þeim stendur til boða. Upplýsingar geta verið dreifðar á milli stofnana og þjónustuaðila og ekki nægilega aðgengilegar. Í aðgerðinni felst að bæta aðgengi barnafjölskyldna að ráðgjöf um réttindi, fjárhagslegan og félagslegan stuðning og þá ráðgjöf sem þeim stendur til boða.

Fjölskyldur þurfa oft að leita upplýsinga hjá mörgum ólíkum aðilum, svo sem félagsþjónustu sveitarfélaga, Tryggingastofnun ríkisins, Skattinum, Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun, Vinnumálastofnun og öðrum opinberum stofnunum og félagasamtökum, sem getur hindrað yfirsýn yfir þann stuðning sem stendur til boða.

Á tímabilinu verði ráðist í aðgerðir sem miða að því að tryggja að barnafjölskyldur í framfærsluvanda hafi greiðan aðgang að upplýsingum, ráðgjöf á sviði fjármála og stuðningi um réttindi og úrræði með það að markmiði að styrkja stöðu tekjulágra og viðkvæmra barnafjölskyldna. Með bættu aðgengi barnafjölskyldna í framfærsluvanda að ráðgjöf og upplýsingum má leiða líkur að því að hlutaðeigandi fjölskyldur geti nýtt sér réttindi, stuðning og ráðgjöf sem þeim stendur til boða á markvissari hátt en nú er.

5.11. Samráðshópur foreldra og forsjáraðila með reynslu af fátækt.

Í mörgum evrópskum stefnum og aðgerðum gegn fátækt hefur þátttaka fólks með reynslu af fátækt verið skilgreind sem grundvallarforsenda árangurs. Írland hefur til að mynda lagt sérstaka áherslu á samráð við fólk sem býr við fátækt við þróun aðgerða gegn félagslegri útilokun og í Skotlandi er reynsla tekjulágra heimila nýtt markvisst við mótun og mat á stefnu. Ný aðgerðastefna Evrópusambandsins gegn fátækt undirstrikar sömuleiðis mikilvægi þess að

lausnir séu þróaðar í samstarfi við þá sem þekkja af eigin raun afleiðingar fátæktar. Reynsla þessara landa sýnir að stefna verður markvissari og líklegri til árangurs þegar hún er mótuð í samráði við fólkið sem hún á að þjóna.

Þetta á sérstaklega við um tekjulágar barnafjölskyldur. Þær standa oft frammi fyrir margvíslegum áskorunum samtímis, svo sem lágum tekjum, húsnæðisóöryggi, takmörkuðum aðgangi að tómstundum, auknum útgjöldum vegna barna og flóknu kerfi almannatrygginga og félagsþjónustu sveitarfélaga. Foreldrar sem búa við slíkar aðstæður hafa einstaka þekkingu á því hvaða stuðningur skiptir mestu máli í daglegu lífi barna þeirra og hvaða hindranir eru í kerfinu. Án þessara sjónarmiða er hætta á að aðgerðir byggist ekki á raunverulegum þörfum tekjulágra barnafjölskyldna.

Lagt er til í þessari aðgerð að stofnaður verði samráðshópur foreldra og forsjáraðila með reynslu af fátækt. Sérstaklega verði hugað að þátttöku foreldra og forsjáraðila úr viðkvæmum hópum, þar á meðal fatlaðra foreldra, foreldra fatlaðra barna og foreldra með erlendan bakgrunn. Aðgerðin stuðli að því að sjónarmið og reynsla tekjulágra barnafjölskyldna liggi til grundvallar stefnumótun og aðgerðum gegn fátækt barna. Með því að byggja aðgerðir á reynslu og þekkingu tekjulágra fjölskyldna má þróa markvissari úrræði sem bæta lífskjör barna og efla félagslega þátttöku til lengri tíma. Aðgerðin verður útfærð og framkvæmd í nánu samstarfi við velferðarvaktina.

5.12. Opinber skilgreining á fátækt barna á Íslandi.

Engin opinber skilgreining er til á fátækt barna á Íslandi. Það getur gert stjórnvöldum, sveitarfélögum og öðrum aðilum erfitt fyrir að greina vandann með samræmdum hætti og meta umfang hans. Með samþykkt heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna hafa ríki skuldbundið sig til að skilgreina, mæla og draga úr fátækt barna í samræmi við skilgreiningar sem hvert ríki setur sér. Án skýrra viðmiða er erfiðara að fylgjast með þróun fátæktar barna og meta árangur aðgerða.

Lagt er til í þessari aðgerð að mótuð verði opinber skilgreining á fátækt barna. Með því verði til skýrt og sameiginlegt viðmið sem nýtist við greiningu, stefnumótun og eftirfylgni. Mikilvægt er að skilgreiningin taki bæði mið af tekjustöðu fjölskyldna og aðstæðum barna, þar á meðal möguleikum þeirra til þátttöku í samfélaginu. Aðgerðin verður unnin í nánu samráði við Hagstofu Íslands, háskólasamfélagið og barnafjölskyldur með reynslu af fátækt.

5.13. Mælanleg markmið um að draga úr fátækt meðal barna.

Í þessari aðgerð er lagt til að sett verði skýr og mælanleg markmið um að draga úr fátækt barna. Markmiðin þurfa annars vegar að taka til tekna og fjárhagslegrar stöðu barnafjölskyldna og hins vegar til möguleika barna til fullrar þátttöku í samfélaginu, m.a. í íþrótta-, tómstunda-, menningar- og félagsstarfi. Með reglubundnu mati á þróun fátæktar meðal barna verður unnt að fylgjast með árangri aðgerða, bregðast við ef markmið nást ekki og laga aðgerðir að breyttum aðstæðum.

Takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um hvernig framfærsluþörf barnafjölskyldna er metin hér á landi og að hvaða marki gildandi framfærsluviðmið endurspegla raunverulegan kostnað fjölskyldna á mismunandi æviskeiðum barna. Skortur á slíkri þekkingu getur leitt til þess að framfærsluviðmið og stuðningskerfi taki ekki nægilegt mið af ólíkum þörfum barnafjölskyldna.

Beinn fjárhagslegur kostnaður vegna barna getur aukist eftir því sem þau eldast, m.a. vegna frístundaheimila, tómstunda, samgangna, framhaldsskólanáms og félagslegrar þátttöku. Á hinn bóginn er kostnaður í formi dagvistunar barna og ólaunaðs vinnuframlags foreldra að

jafnaði mestur á fyrstu æviárum þeirra. Við mótun stuðningskerfa þarf því að taka mið af því að eðli og samsetning kostnaðar breytist eftir aldri. Í því samhengi mætti mögulega greina þrjú ólík æviskeið barna út frá mismunandi kostnaði, þ.e. fyrsta æviskeiðið, 0–5 ára, annað æviskeiðið, 6–12 ára, og þriðja æviskeiðið, 13–17 ára. Því er þörf á að efla greiningar á útgjöldum barnafjölskyldna, m.a. greiningu á áhrifum aldurs barna á útgjöld heimila og mögulega stærðarhagkvæmni í rekstri barnmargra fjölskyldna. Slík greining myndi leggja traustari grunn að framfærsluviðmiðum og styrkja stefnumótun og stuðningskerfi fyrir barnafjölskyldur, einkum þær sem búa við lágar tekjur eða viðkvæma fjárhagsstöðu.

5.14. Gagnreyndar aðgerðir til að takast á við fátækt barna.

Aðgerðir gegn fátækt barna þurfa að byggjast á traustri þekkingu á því hvað skilar árangri. Þar sem aðstæður barna og fjölskyldna eru ólíkar og geta breyst yfir tíma er mikilvægt að meta reglulega hvaða leiðir virka best og við hvaða aðstæður.

Aðgerðin felur í sér að afla þekkingar á gagnreyndum aðgerðum við að draga úr fátækt barna og rjúfa vítahring fátæktar. Þekkingaröflunin byggist á íslenskum gögnum, rannsóknum, reglubundnu mati á árangri aðgerða og samstarfi við önnur norræn ríki um miðlun gagnreyndra aðferða. Sérstaklega er mikilvægt að skoða leiðir sem stuðla að aukinni þátttöku barna í skipulögðu frístundastarfi, enda getur slík þátttaka haft mikil áhrif á félagslega stöðu, líðan og tækifæri barna.

Þannig má tryggja að stefnumótun og framkvæmd byggist á gagnreyndri þekkingu og nýtist þeim börnum sem mest þurfa á stuðningi að halda.